

HJALTI HUGASON

Áhrif siðbótarinnar á Íslandi

Tilraun til jafnvægisstillingar

Síðari grein

Árið 2017 var þess minnst að 500 ár voru liðin frá því Marteinn Lúther gerði opinbera gagnrýni sína á kaþólsku miðaldakirkjuna og þá einkum aflátssölu hennar og hóf í kjölfarið umbóta- og breytingastarf í heimaborg sinni, Wittenberg. Leiddi það ásamt keimlíkum hreyfingum annars staðar til að kirkjan klofnaði upp í nokkrar kirkjudeildir sem þróuðust síðan í nánnum tengslum við hið miðstýrða ríkisvald sem samtímis var í sókn hvarvetna í álfunni. Þessi tvíþætta þróun, siðbótin og efling ríkisvaldsins, hafði þær afleiðingar að fram komu lútherskar, reformertar, anglikanskar, og jafnvel kaþólskar ríkiskirkjur og kirkjudeildarlega bundin ríki (e. *confessional state*).¹ Fól þetta í sér umfangsmiklar trúarlegar, menningarlegar og félagslegar breytingar sem sögðu til sín hvarvetna um álfuna og á flestum sviðum þjóðlífsins. Ekki er því að undra að Lúthers-árið leysti úr læðingi margháttaðar vangaveltur um áhrif Lúthers og/eða siðbótarinnar í bráð og lengd.

Hér á landi hefur gætt tveggja andstæðra túlkunarviðhorfa eða alhæfinga í þessu efni. Annað viðhorfið hefur lengi verið áberandi og var á sínum tíma samofið þjóðernislegri sagnaritum sem ástunduð var í tengslum við sjálf-

¹ Með reformertu siðbótinni og kirkjudeildinni er átt við þá hreyfingu sem fylgdi siðbótarmönnum H. Zwingli (1484–1531) og J. Calvin (1509–1564) að málum. Rómversk-kaþólska kirkjan er aftur á móti afsprengi kaþólskrar siðbótar (e. *catholic reformation*) sem oft hefur verið nefnd gagnsiðbót (e. *counter-reformation*) og byggðist einkum á samþykktum kirkjubingsins í Trent sem stóð með hléum á tímabilinu 1545–1563



stæðisbaráttuna og raunar löngu eftir að henni lauk. Nú kemur það tíðum fram í tengslum við þá „goðsögn“ sem lengi hefur verið rík í íslenskri sögu-túlkun að Íslendingar hafi á löngum tíma í sögu sinni lifað hnignunar- eða hrörnunartíma sem hafi hafist þegar á 15. öld en harðnað mjög í kjölfar siðaskiptanna á þeirri 16.² Þetta viðhorf kemur raunar oft fram enn á okkar dögum bæði í rannsóknnum og alþýðlegri menningar- og samfélagsum-ræðu. Hitt viðhorfið er hér einfaldlega kallað kirkjulegt og gætti þess mjög í tengslum við Lúthers-árið og þá einkum í ræðu og riti guðfræðinga og helstu talsmanna þjóðkirkjunnar.

Fyrirnefnda viðhorfið eða alhæfingin kom að margra mati fram þegar í kvæðinu „Aldasöng“ eftir Bjarna Jónsson Borgfirðingaskáld (ca 1560–1640) sem í handritum ber ýmist yfirskriftina „Einn fagur sálmur um mismun þessarar aldar og hinnar fyrri“ eða „Umm Islands Hrørnan. Ein psalmvijsa med sijnumm Ton“. Þangað eru sóttar hinar alkunnu hendingar „Allt hafði annan róm / áður í páfádóm [...]“.³ Af þeim sökum er þetta viðhorf hér nefnt Aldasöngs-syndrómi.⁴ Halldór Laxness var einn þekktasti fulltrúi þess eins og hvað skýrast kemur fram í ritgerðinni „Inngangur að Passíusálmum“ sem að stofni til er frá um 1930.⁵ Á grundvelli þess leit hann svo á að með

² Almennt um hnignunar-„goðsögnina“ sjá Axel Kristinsson, *Hnignun, hvaða hnignun? Goðsögnin um niðurlægingartímabilið í sögu Íslands*, Reykjavík: Sögufélag, 2018.

³ Bjarni Jónsson, „Aldasöngur: Einn fagur sálmur um mismun þessarar aldar og hinnar fyrri“, *bragi.arnastofnun.is*, sótt 9. apríl 2019 af <http://bragi.arnastofnun.is/ljod.php?ID=1313>.

⁴ Heitið á bók Önnu Sigurðardóttur um nunnuklaustrin á Íslandi o. fl. hefur vísast fest tilvísunina í „Aldasöng“ í sessi í seinni tíð. Anna Sigurðardóttir, *Allt hafði annan róm áður í páfádóm: Nunnuklaustrin tvö á Íslandi á miðöldum og brot úr kristnisögu*, Úr veröld kvenna III, Anna Sigurðardóttir tók saman, Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 1988.

⁵ Halldór Laxness, „Inngangur að Passíusálmum“, *Afskaldum*, Reykjavík: Bókauktáfa Menningarsjóðs, 1972, bls. 71–125. Halldór Laxness, „Inngangur að Passíusálmum“, *Vettvangur dagsins: Ritgerðir*, 3. útg. endursk., Reykjavík: Helgafell, 1979, bls. 7–44. Frumgerð sjá *Iðunn* nýr flokkur 16. árg., 1.–2. tbl., 1932, bls. 83–146. Svipaðs viðhorfs gætti hjá Sigurði Nordal. Sjá Sigurður Nordal, „Samhengið í íslenskum bókmentum“, *Íslensk lestrarbók 1400–1900*, Sigurður Nordal setti saman, Reykjavík: Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, 1931, bls. ix–xxxii, hér bls. xx. Dæmi um Aldasöngs-syndrómið á sviði listasögu má sjá hjá Birni Th. Björnssyni sem taldi kirkjulega myndlist hafa beðið mikið afhröð á siðaskiptatímanum. Hann benti samt á að annar lútherski biskupinn í Skálholti, Marteinn Einarsson (d. 1576), var menntaður listmálari og síðar hafi t.d. Hjalti Þorsteinsson (1665–1754) prestur í Vatnsfirði haldið uppi merkinu. Á 17. og 18. öld telur hann svo hagræna og félagslega þætti hafa komið í veg fyrir endurvakningu listarinnar eftir „myndfælni siðaskiptatímans“. Björn Th. Björnsson, *Íslensk myndlist á 19. og 20. öld: Drög að sögulegu yfirliti*

siðaskiptum hafi Íslendingar og aðrar Norðurlandabjóðir einangrast frá evrópski samtímamenningu og orðið að „[...] skrýtilegri saxneskri afdalabjóð um aldur og ævi.“⁶ Þetta viðhorf hefur því tengt siðbótina við afmenningarþróun.⁷ Á grundvelli þess hafa svo verið settar fram hrún-kenningar af ýmsu tagi.⁸

Það túlkunarviðhorf sem hér er kallað kirkjulegt felur í sér hliðstæða alhæfingu og fram kemur í Aldasöngs-syndróminu en undir gagnstæðum formerkjum. En fylgjendur þess hallast oft að því að rekja megi flesta jákvæða þætti nútímavæðingar til áhrifa siðbótarinnar. Er þar m.a. átt við lýðræðis- og þátttökusamfélög Vesturlanda og þá ekki síst norrænu velferðarsamfélögin.⁹ Hér verður þess freistað að takast á við báðar þessar alhæfingar og draga upp fíngerðari mynd af áhrifum Lúthers og siðbótar hans.

Í grein sem birtist í síðasta hefti *Ritsins* var leitast við að greina helstu áhrif siðbótarinnar á Íslandi á sviði kirkjumála og trúariðkunar í ljósi fyrrgreindra túlkunarviðhorfa.¹⁰ Í þessari grein verður þeirri athugun fram haldið en nú grafið fyrir um áhrifin á sviði menningar og samfélags hér á landi. Áréttað skal að með siðbót er hér fyrst og fremst átt við kirkjugagnrýni Lúthers og eftir atvikum annarra siðbótarmanna á 16. öld sem og það umbótastarf sem hún hafði í för með sér. Um þau trúar- og kirkjupólítísku hvörf sem víða urðu í kjölfarið og þá langvarandi menningarlegu þróun sem leiddi til að þjóðlífið tók að mótast af hugmyndum siðbótarmanna verða viðhöfð önnur

I, Reykjavík: Helgafell, 1964, bls. 7, 8. Benda má á að eftir að Marteinn sagði af sér embætti 1556 lagði hann áfram einhverja stund á málalíst og skreytti kirkjuna á Álftanesi á Mýrum eins og enn sást á síðari hluta 17. aldar. Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir siðskiptaaldarinnar á Íslandi II*, Reykjavík: Bókaværslun Guðm. Gamalielssonar, 1922, bls. 457.

⁶ Halldór Laxness, „Skírteini í bændafélagi“, *Skáldatími*, 2. útg. Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1991, bls. 7–19, hér bls. 8.

⁷ Sjá Gunnar Karlsson, „Ritdómur: Áhrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár“, *Saga LVI*: 1/2018, bls. 213–217, hér bls. 214–215.

⁸ Sú hrún-kenning sem helst hefur verið tekist á um upp á síðkastið lýtur að því hvort hrún hafi orðið á sviði fátækraframfærslu við lokun íslensku klaustranna (sjá síðar). Dæmi um hana má sjá í Vilborg Auður Ísleifsdóttir, „Nokkrar umþenkingar um kirkjuordinansíu Kristjáns III.“, *Saga biskupsstólanna: Skálholt 950 ára — 2006 — Hólar 900 ára*, aðalritstj. Gunnar Kristjánsson, án útgst.: Bókaútgáfan Hólar, 2006, bls. 517–545, hér bls. 545.

⁹ Þetta sjónarmið kom t.a.m. fram í riti eftir Karl Sigurbjörnsson biskup sem útgáfufélag þjóðkirkjunnar gaf út á Lúthers-árinu: Karl Sigurbjörnsson, *Lúther: Ævi — ábrif — arfleifð*, [Reykjavík]: Skálholtsútgáfan, [2017]. Sjá og fyrri grein.

¹⁰ Hjalti Hugason, „Áhrif siðbótarinnar á Íslandi: Tilraun til jafnvægisstillingar: Fyrri grein“, *Ritið* 1/2019, bls. 255–288.

heiti. Pólítísku straumhvörfin verða nefnd siðaskipti en menningarlega þróunin siðbreyting.¹¹ Þessir tveir mikilvægu fylgihnettir siðbótarinnar hljóta að teljast helstu áhrif hennar. Siðaskipti og siðbreyting urðu þó öðrum þræði vegna þróunar hins miðstýrða ríkisvalds á árnýöld en án hennar er alls óvíst að siðbótin hafi öðlast eins víðtækar pólítískar og samfélagslegar tengingar og raun ber vitni.

Áður en ráðist er í greiningu á borð við þá sem hér er kynnt er mikilvægt að skýra hvað átt sé við með áhrifum siðbótarinnar eða áhrifum Lúthers en hér höfðu aðrir siðbótarmenn 16. aldar engin sambærileg áhrif og hann. Leitast er við að gefa þessu orðalagi skýrt afmarkaða merkingu enda er hér litið svo á að ekki sé merkingarbært að tala um að breyting hafi orðið eða nýjung komið til fyrir áhrif siðbótar Lúthers nema mögulegt sé að færa rök að því að hún hafi verið nauðsynleg forsenda þeirrar þróunar sem fjallað er um hverju sinni. Með nauðsynlegri forsendu er svo átt við að unnt sé að sýna fram á að breytingin hefði ekki orðið án lúthersku siðbótarinnar. Þetta er mun afdráttarlausari viðmiðun en oftast er gengið út frá í almennum umræðum. Út frá sögulegu sjónarhorni er skilgreining á borð við þessa þó nauðsynleg til að mögulegt sé að meta hvort raunverulega sé um áhrif siðbótarinnar og/eða Lúthers að ræða eða aðeins bein eða óbein hugmynda- tengsl af einhverju tagi.¹²

Að þessu sögðu skal bent á að margt sem ekki er unnt að skoða sem bein og ótvíræð áhrif siðbótarinnar hér á landi má þó líta á sem síðbúin eða tafin áhrif Lúthers. Þar er einkum um að ræða nýjungar eða breytingar sem urðu á kjarnasvæði siðbótarinnar eða jafnvel á þéttbýlli svæðum hugsanlega innan danska ríkisins en náðu þó ekki fram að ganga hér vegna staðbundinna aðstæðna: fámennis, strjálbýlis eða þjóðfélagsgerðar að öðru leyti. Þá má í sumum tilvikum ræða um afleidd siðbótaráhrif. Þar er einkum átt við ýmsar breytingar sem urðu af völdum píetismans og þá einkum á 17. öld. Sterk innri tengsl eru vissulega til staðar milli hans og siðbótarguðfræðinnar. Þó er um tvær sögulegar stefnur og tvö afmörkuð tímabil að ræða. Því er ekki mögulegt að líta svo á að allar þær nýjungar sem hér urðu í kjölfarið af vísitásiu Ludvigs Harboe 1741–1745 séu áhrif siðbótarinnar þótt þær kæmu flestar vel heim og saman við hugmyndir Lúthers. Nær lagi er að skoða þær sem afleidd áhrif Lúthers eða siðbótarinnar.¹³

¹¹ Hjalti Hugason, „Heiti sem skapa rými: Hugleiðing um heiti og hugtök í siðaskiptarannsóknunum“, *Ritið* 3/2014, bls. 191–229.

¹² Hjalti Hugason, „Áhrif siðbótarinnar á Íslandi“, bls. 255–288.

¹³ Sama rit, bls. 259–260.

Sú leit sem gerð var í fyrri greininni að lútherskum áhrifum á sviði trú- og kirkjumála leiddi til þeirrar niðurstöðu að í báðum fyrrnefndu túlkunarviðhorfunum felist alvarleg yfirdrift. Aldasöngs-syndrómið var talið leggja of þunga áherslu á víðtækt og róttækt rof á fjölmörgum sviðum á siðbótar- tímanum og of víðtæka hnignun í kjölfarið sem rekja megi beint til siðbótarinnar en ekki annarra atburða, t.d. þróunar miðstýrðs ríkisvalds. Kirkjulega sjónarmiðið virðist á hinn bóginn ætla siðbótinni allt of víðtæk, öflug og bein áhrif á nútímavæðingu bæði í kirkjunni og samfélaginu.

Hér á eftir verður leitast við að meta áhrifin á sviði menningar og samfélags. Aðeins er mögulegt að fást við nokkra afmarkaða þætti á hvoru sviðinu um sig. Þegar um áhrif á menninguna er að ræða verður fengist við tungu og bókmenntir, læsi og alþýðufræðslu auk afþreyingar og alþýðumenningar. Varðandi félagslegu áhrifin verður staldrað við áhrif siðbótarinnar á tengsl ríkis og kirkju. Einnig verður grafið fyrir um áhrif hennar á samfélagsgerðina, stöðu kvenna en jafnframt á hjúskapar- og kynferðismál. Loks verður staldrað við áhrif siðbótarinnar á sviði velferðarmála. Að endingu verða svo dregnar ályktanir af efni beggja greinanna.

Áhrif siðbótarinnar á menninguna

Hér er vissulega ekki svigrúm til að fjalla um áhrif siðbótarinnar á íslenska menningu í allri sinni fjölbreytni. Þvert á móti verður athyglinni einkum beint að tungunni og bókmenntunum sem líta má á sem uppistöðu í andlegri menningu þjóðarinnar. Jafnframt verður komið inn á læsi og almenningsfræðslu sem vissulega má þó einnig skoða sem velferðarmál. Í lok kaflans verður svo fengist við afþreyingar- og/eða alþýðumenningu þjóðarinnar.

Tungan og bókmenntirnar

Víða um lönd hafði siðbótin margháttuð áhrif á þróun tungumála og þá einkum ritmáls. Sjálfur er Lúther t.a.m. oft talinn hafa lagt grunn að þýsku ritmáli með biblíuþýðingu sinni og raunar miklum fjölda annarra rita.¹⁴ Annars staðar eins og í grannlöndum okkar, Noregi og Færeyjum, eru siðaskiptin aftur á móti talin hafa haft gagnstæð áhrif með því að þar hafi þjóðtungurnar lotið í lægra haldi fyrir dönsku.¹⁵

¹⁴ Gunnar Kristjánsson, „Marteinn Lúther: Maður orðsins“, *Marteinn Lúther: Úrval rita 1*, aðalþýðandi Gunnar Kristjánsson sem jafnframt þjó ritin til útgáfu, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir o.a., Reykjavík: Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar, Skálholtsútgáfan, 2017, bls. 11–29, hér bls. 16–17.

¹⁵ Guðrún Kvaran, Gunnlaugur Ingólfsson, Jón Aðalsteinn Jónsson, „Um þýðingu

Sigurbjörn Einarsson biskup leit svo á að sú hugsjón íslenskra siðbótarmanna — ekki síst Odds Gottskálkssonar (um 1515–1556) — að Íslendingar ættu að eiga aðgang að orði Guðs á móðurmáli hafi skipt sköpum fyrir framtíð íslenskrar tungu og þar með sjálfstæðrar þjóðmenningar í landinu.¹⁶ Guðrún Kvaran og fleiri hafa lýst hófstílltara mati og talið að útgáfa *Nýja testamentis* Odds (1540) og síðar Guðbrandsbiblíu (1584) hafi haft grundvallarþýðingu fyrir íslenska málsögu og að staða íslenskunnar væri veikari hefðu siðbótarmenn ekki unnið eins ötullega að þýðingum og raun ber vitni.¹⁷

Hér skiptir mestu að með útgáfu Ritningarinnar á íslensku sem og Grallarans og annarra helgisiða-, sálma-, uppfræðslu- og uppbyggingarbóka sem út komu frá því um 1540 og fram um daga Guðbrands Þorlákssonar (1541–1627) varð íslenska að opinberu kirkjumáli. Þar með festist hún í sessi á nýjum vettvangi þar sem hún hafði áður að vísu verið heimatöm en þá við hlið latínu sem var lútúrgískt mál hér á miðöldum eins og annars staðar í Vestur-Evrópu.

Þýðingarstarf siðaskiptatímans byggði á öflugu innlendu ritmáli og bókmenningu frá því snemma á miðöldum en lagði þó jafnframt sitt af mörkum til að halda því við.¹⁸ Á siðaskiptatímanum var íslenska einnig föst í sessi sem laga- og stjórnáskilumál. Af þessum ástæðum var hún ekki í sömu hættu og t.d. norska sem ekki bjó að eins sterkri, veraldlegri ritmálshefð. Þessi trausta staða íslenskunnar á siðaskiptatímanum varð svo jafnframt forsenda þess að mögulegt var að hefja jafn öflugt þýðingarstarf og raun varð á og það jafnvel áður en lúthersk kirkja var orðin föst í sessi hér.¹⁹ Sambandið milli

Odds og útgáfu þessa“, *Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*, Reykjavík: Lögberg, 1988, bls. xxi–xxxii, hér bls. xxi.

¹⁶ Sigurbjörn Einarsson, „Oddur Gottskálksson“, *Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*, Reykjavík: Lögberg, 1988, bls. vii–xx, hér bls. viii.

¹⁷ Guðrún Kvaran, Gunnlaugur Ingólfsson, Jón Aðalsteinn Jónsson, „Um þýðingu Odds og útgáfu þessa“, bls. xxi. Sjá og Sigurður Bjarnason, „Um þýðingarstarf Odds Gottskálkssonar“, *Lútber og íslenskt þjóðlíf: Erindi flutt á ráðstefnu um Martein Lútber, er haldin var 4. nóvember 1983 í tilefni þess að 500 ár voru liðin frá fæðingu hans*, ritstj. Gunnar Kristjánsson o.a., Reykjavík: Skálholt, Hið íslenska Lúthersfélag, 1989, bls. 67–73, hér bls. 70, 73.

¹⁸ Böðvar Guðmundsson, „Nýir siðir og nýir lærdómar — Bókmenntir 1550–1750“, *Íslensk bókmenntasaga* II, ritstj. Vésteinn Ólason, Reykjavík: Mál og menning, 1993, bls. 379–521, hér bls. 389–390. Margrét Eggertsdóttir, „Frómum og guðhræddum, leikum og lærðum“: Um Guðbrand biskup Þorláksson og þýðingar hans“, *Abrið Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason o.a., Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017, bls. 145–174, hér bls. 171–172.

¹⁹ Stefán Karlsson, „Tungan“, *Íslensk þjóðmenning* VI, ritstj. Frosti F. Jóhannsson, Reykjavík: Þjóðsaga, 1989, bls. 1–54, hér bls. 28. Margrét Eggertsdóttir, „Frómum

siðbótarinnar og þróunar íslenskrar tungu er því flóknara en t.d. Sigurbjörn Einarsson lét í veðri vaka. Þá ber þess að gæta að þýðingarstarf íslenskra siðbótarmanna þjónaði ekki bókmenntalegum markmiðum.²⁰ Þýðingar þeirra uppfylltu heldur ekki málvöndunarsjónarmið síðari alda. Þeim fylgdi t.d. aukinn fjöldi tökuorða sem öðluðust þó missterkan sess í málinu.²¹

Fyrst í stað frumsömdu siðbótarmenn engar lausamálsbókmenntir.²² Sálmakveðskapur sem hófst líklega í tíð annars lútherska biskupsins hér, Marteins Einarssonar (1549–1556), boðaði því helstu nýjungina á sviði íslenskra bókmennta í kjölfar siðaskipta. Þar var framan af við ramman reip að draga þar sem hinn lútherski sálmur sem einkum var ætlaður til safnaðarsöngs hvíldi hér ekki á innlendri hefð. Brátt náði íslenskur sálmakveðskapur þó miklu flugi.²³ Þegar leið frá siðaskiptunum urðu lútherskar kirkjubókmenntir smám saman fjölbreyttari bæði með nýjum íslenskum ritum en þó einkum þýðingum og í biskupstíð Guðbrands Þorlákssonar (frá 1571) stóð yfir mikið blómaskeið í innlendri bókaútgáfu. Nutu kirkjunnar menn í því efni einu prentsmiðju landsins sem var í eigu Hólastóls frá dögum Jóns Arasonar.

Blómatími íslenskra miðaldabókmennta í lausu máli var vissulega löngu liðinn þegar siðaskiptin gengu yfir.²⁴ Engin vissa er t.d. fyrir að nokkuð hafi verið frumsamið hér af lausamálsritum á 15. öld og allt frá upphafi hafði ekki verið jafndauft yfir bókmenntum í lausu máli og á fyrri hluta 16. aldar.²⁵ Öðru máli gegndi um kveðskapinn sem stóð í blóma á síðmiðöldum og tók þá miklum breytingum bæði að formi og stíl. Efnistöð breyttust einnig og tjáningin varð t.a.m. stórum persónulegri en verið hafði. Trúarlegur kveðskapur frá um 1500 stendur því á margan hátt nær lútherskum trúarkveðskap frá 17. öld en trúarlegu miðaldadrápunum frá 14. öld.²⁶ Þrátt fyrir ýmiss konar uppstokkun rufu siðaskiptin því ekki samhengið í íslenskum bókmenntum.²⁷

og guðhræddum, leikum og lærðum““, bls. 145–147.

²⁰ Böðvar Guðmundsson, „Nýir siðir og nýir lærdómar“, bls. 389–390. Margrét Eggertsdóttir, „Frómum og guðhræddum, leikum og lærðum““, bls. 171–172.

²¹ Stefán Karlsson, „Tungan“, bls. 28–29.

²² Böðvar Guðmundsson „Nýir siðir og nýir lærdómar“, bls. 389–390. Sjá Margrét Eggertsdóttir, „Frómum og guðhræddum, leikum og lærðum““, bls. 171–172.

²³ Böðvar Guðmundsson, „Nýir siðir og nýir lærdómar“, bls. 393–398, 408–435.

²⁴ Vésteinn Ólason, „Kveðskapur frá síðmiðöldum“, *Íslensk bókmenntasaga* II, ritstj. Vésteinn Ólason, Reykjavík: Mál og menning, 1993, bls. 283–378, hér bls. 377–378. Sigurbjörn Einarsson, „Oddur Gottskálksson“, bls. viii. Sigurður Bjarnason, „Um þýðingarstarf Odds Gottskálkssonar“, bls. 70.

²⁵ Vésteinn Ólason, „Kveðskapur frá síðmiðöldum“, bls. 377.

²⁶ Sama rit, bls. 377–378.

²⁷ Sama rit, bls. 378. Sjá og hina þekktu ritgerð Sigurðar Nordal, „Samhengið í

Læsi og alþýðufræðsla

Bókmenning hófst hér í kjölfar kristnitöku en var í upphafi einskorðuð við klerka.²⁸ Skiptra skoðana gætir síðan um hve hratt lestrarkunnátta barst til annarra. Ýmislegt bendir þó til að um 1200 hafi ekki verið fátútt að höfðingjar væru læsir. Á 13. og 14. öld er líklegt að skinnhandrit hafi verið til á helstu höfuðbólum landsins og að þar hafi fleiri eða færri heimilismenn verið læsir. Fjöldi fátæklegra handrita sem geymst hefur bendir svo til að lestrarkunnátta hafi í einhverjum mæli náð til efnaminni hópa.²⁹ Erfitt er þó að meta útbreiðslu læsis og skriftarkunnáttu á miðöldum. Þá er merking læsishugtaksins nokkuð breytileg og því vandi á höndum þegar túlka skal heimildir um þessi efni. Einnig var um mörg stig læsis að ræða allt frá því að skrifaður texti þjónaði einkum til stuðnings við flutning á efni sem lesandinn þekkti þegar vel eða kunni að miklu leyti til þess að einstaklingur gat lesið og skilið áður óþekktan texta sér til gagns. Óskýr mörk hafa einnig verið milli ritmenningar og munnmennta þar sem fróðleikur, sögur og kveðskapur, varðveittist bæði munnlega og á bók. Skrifaðir textar voru líka oftast lesnir upphátt í hópi en ekki í hljóði líkt og á síðari öldum. Fólk gat því endursagt það sem það hafði heyrt lesið.³⁰

Í kjölfar siðaskipta hófst hér prentöld og tóku kirkjuleg yfirvöld að gefa út guðsorðabækur af ýmsu tagi til að festa hina nýju kristindómstúlkun í sessi. Þegar 1575 var ákveðið að fólk skyldi hafa lært efni *Fræðanna minni* áður en það gat verið til altaris í fyrsta sinn. Grunnur að trúarlegri alþýðufræðslu var lagður með útgáfu *Fræðanna* á íslensku ekki síðar en 1594. Á 17. öld voru hver svo gefin út allt að einu sinni á áratug. Ljóst er þó að fram um miðja 18. öld hefur hér verið um hreinan utanbókarlærdóm að ræða.³¹ Var þessi fræðsla fyrst í höndum presta en síðar heimila undir eftirliti þeirra en hér var hvorki til að dreifa hringjurum eða meðhjálpurum sem víða önnuðust fræðsluna erlendis né heldur sérstakri kennarastétt fyrr en kringum aldamótin 1900.³² Frá 1575 var aftur á móti fyrirskipað að djáknum

íslenzkum bókmentum“ sem vitnað er til hér framar.

²⁸ Loftur Guttormsson, „Læsi“, *Íslensk þjóðmenning VI*, ritstj. Frosti F. Jóhannsson, Reykjavík: Þjóðsaga, 1989, bls. 117–144, hér bls. 119–121.

²⁹ Sama rit, bls. 122–124.

³⁰ Sama rit, bls. 119–122, 125–126.

³¹ Loftur Guttormsson, „Áhrif siðbreytingarinnar á alþýðufræðslu“, *Lútber og íslenskt þjóðlíf: Erindi flutt á ráðstefnu um Marteín Lútber, er haldin var 4. nóvember 1983 í tilefni þess að 500 ár voru liðin frá fæðingu hans*, ritstj. Gunnar Kristjánsson o.a., Reykjavík: Skálholt, Hið íslenska Lúthersfélag, 1989, bls. 173–191, hér bls. 176–178.

³² Sama rit, bls. 179–180, 186.

væri haldið uppi við öll hin fornu klaustur í Hólabiskupsdæmi og hefur verið áætlað að þriðjungur presta hafi gegnt slíkri stöðu fyrir vígslu. Kann þessi ráðstöfun að hafa leitt til að læsi hafi breiðst hraðar út fyrir norðan. Hliðstæð skipan komst ekki á í Skálholtsbiskupsdæmi fyrr en 1744 (sjá fyrri grein). Hér má því líta svo á að djáknastöðurnar séu til vitnis um siðbótaráhrif í Hólabiskupsdæmi en afleidd áhrif hennar í öðrum landshlutum. Djákna-stöðurnar voru svo lagðar niður 1837.³³

Í tengslum við trúfræðsluna beittu yfirvöld sér fyrir aukinni lestrar-kennslu í landinu. Jafnframt var tekið að krefjast aukinnar þekkingar af almenningi í kristnum fræðum og skyldi lesturinn einkum þjóna þeirri uppfræðslu. Virðist bókvæðing íslenskra heimila sem hófst við lok 16. aldar vera komin á fullt skrið á síðari hluta þeirrar 18. en lestrarkunnátta hélst mikið til í hendur við hana.³⁴

Leiddar hafa verið líkur að því að um 1700 hafi sex af hverjum tíu hús-bændum verið læsir og hafi þeir í því efni skarað fram úr bæði húsfreyjum og hjúum.³⁵ Tiltækt efni bendir til að verulegrar áherslu á lestrarkunnáttu hafi tekið að gæta upp úr 1700 og að á síðari hluta 18. aldar hafi verið ráðist hér í eiginlega lestrarherferð.³⁶ Um þetta leyti verða líka fyrst til heimildir sem gera mögulegt að kanna lestrarkunnáttuna. Bendir það til að yfirvöld hafi ekki beitt sér markvisst fyrir aukinni lestrarkunnáttu fyrir þennan tíma en látið nægja að efni *Fræðanna minni* væri lært utanbókar.³⁷ Fyrsta læsisátakið meðal þjóðarinnar varð því fremur fyrir áhrif píetismans en að siðbótin hafi ráðið úrslitum í því efni.³⁸ Þar var því einkum um afleidd siðbótaráhrif að ræða.

Áhersla siðbótarmanna á lestrarkunnáttu hélst í hendur við þá mikilvægu stöðu sem Ritningin skipaði í kirkjudeildum mótmælenda og hugsjón þeirra

³³ Loftur Guttormsson, „Var sögu íslensku klaustranna lokið með siðaskiptunum?“, *Af klaustrum og kennimönnum í Skaftafellspingi: Erindi flutt á ráðstefnu á Kirkjubæjar-klaustri 13.–14. mars 1999, sem haldin var að tilblutan Kirkjubæjarstofu og Skaftafells-prófestsdæmis í tilefni 1000 ára afmælis kristnitöku á Íslandi*, Vík: Dynskógar, Sögu-félag Vestur-Skaftfellinga, 1999, bls. 158–175, hér bls. 170–173. Hjaltí Hugason, „Kristnir trúarhættir“, *Íslensk þjóðmenning* V, ritstj. Frosti E. Jóhannsson, Reykjavík: Þjóðsaga, 1988, bls. 75–339, hér bls. 161.

³⁴ Loftur Guttormsson, „Læsi“, bls. 126–137.

³⁵ Loftur Guttormsson, „Áhrif siðbreytingarinnar á alþýðufræðslu“, bls. 179.

³⁶ Sama rit, bls. 186. Loftur Guttormsson, „Læsi“, bls. 128–131, 133, 134, 135.

³⁷ Loftur Guttormsson, „Áhrif siðbreytingarinnar á alþýðufræðslu“, bls. 174–175. Loftur Guttormsson, „Læsi“, bls. 128.

³⁸ Sjá þó Loftur Guttormsson, „Áhrif siðbreytingarinnar á alþýðufræðslu“, bls. 186.

að almenningur ætti beint aðgengi að orði Guðs.³⁹ Þess ber þó að gæta að þrátt fyrir hugmyndir Lúthers í þessu efni varð Biblían sjálf ekki aðgengileg almennungi fyrr en á 19. öld. Danskur maður, Laurits Stierstrup gaf þó rúmlega 500 Biblíur og á annað þúsund Nýja testamenti hingað upp úr miðri 18. öld og þá í anda píetismans. Lykilrit íslenskrar guðrækni voru því húslestrabækur og postillur, sálmaþækur og bænakver af ýmsu tagi útgefin og í handritum. Á upplýsingartímanum á ofanverðri 18. öld hófst svo útgáfa veraldlegs fræðslu- og afþreyingarefnis svo einhverju nam.⁴⁰ Hófst þar með veraldleg notkun lestrarkunnáttunnar fyrir alvöru.

Alþýðufræðsla er allt eins velferðarmál eins og menningarlegt málefni þar sem lestur, skrift og önnur bókleg menntun er forsenda fyrir þátttöku almennings í samfélagsmálum. Þar sem alþýðufræðsla var hér lengi einskorðuð við kunnáttu í lestri og kristnum fræðum verður þó vikið að henni hér. Meðan alþýðufræðslan þjónaði þannig fyrst og fremst kirkjulegum markmiðum voru fræðslumálin alfarið í höndum heimilanna sem önnuðust framkvæmdina og prestanna sem litu eftir að fræðslukröfum kirkju og ríkis væri framfylgt.

Frá 1880 var tekið að krefjast kennslu í skrift og reikningi. Fyrir þann tíma hafði skriftarkunnátta rutt sér þó nokkuð til rúms einkum meðal karla. Þar var þó að mestu um sjálfsprottna þróun að ræða.⁴¹ Eftir þetta var ekki lengur mögulegt að ná settum markmiðum með heimafræðslunni einni heldur varð að koma á sérstöku fræðslukerfi með skólum í þéttbýli en far-kennslu til sveita.⁴² Eftir sem áður gegndu prestarnir hefðbundnu eftirlitshlutverki sínu. Með nýjum lögum um fræðslu barna frá 1907 voru fræðslumálin loks greind stofnunarlega frá kirkjumálunum á þann hátt að þau voru nú fengin kjörnum skóla- og fræðslunefndum úti í héruðum í stað presta áður en stjórnarráðið og „skólafróður maður“ á vegum þess átti að fara með æðstu stjórn fræðslumála á landsvísu.⁴³ Eftirlitshlutverki kirkjunnar með fræðslumálunum var þar með lokið. Tveimur áratugum síðar (1926) var svo enn greint milli kirkju og skóla þegar hætt var að gera ráð fyrir sömu þekk-

³⁹ Sama rit, bls. 175.

⁴⁰ Sama rit, bls. 180. Loftur Guttormsson, „Læsi“, bls. 136. Jón Espólín, *Íslands Árbækur í söguformi X*, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1843, bls. 82.

⁴¹ Loftur Guttormsson, „Áhrif siðbreytingarinnar á alþýðufræðslu“, bls. 186–187. Loftur Guttormsson, „Læsi“, bls. 126–128, 132, 137–142.

⁴² Loftur Guttormsson, „Læsi“, bls. 140–142.

⁴³ Lög um fræðslu barna nr. 59/1907, 22. nóvember, *Stjórnartíðindi A*, 1907, bls. 392–397.

ingu við fullnaðarpróf úr barnaskólum og krafist var við fermingu.⁴⁴ Eftir það átti skólinn að annast sögulega trúarbragðafræðslu m.a. um kristnina í stað þess að vera þátttakandi í trúfræðslu kirkjunnar. Þetta er breyting sem virðist hafa farið framhjá mörgum eins og oft kemur fram í kirkjulegri umræðu þegar skólanum er legið á hálsi fyrir að bregðast hefðbundnu hlutverki sínu í þessu efni.

Barnafræðsla og rekstur barnaskóla voru mikilvæg verkefni kirkjunnar samkvæmt hugmyndafræði siðbótarinnar og í nágrannalöndunum, Danmörku, Noregi og Svíþjóð, var skólum komið á fót a.m.k. í flestum kaupstöðum þegar í kjölfar siðaskiptanna.⁴⁵ Hér þrýsti Gissur Einarsson Skálholtsbiskup (1540–1548) á um stofnun barnaskóla á a.m.k. þremur hinna fornu klaustra sem ekki varð af þrátt fyrir samþykki konungs. Á fyrstu áratugum 18. aldar tóku biskupar landsins aftur að beita sér fyrir barnaskólum. Sérstaklega var Jón Árnason Skálholtsbiskup (1722–1743) áhugasamur um fræðslumál en í tíð hans var píetisminn orðinn áhrifamikill í Danmörku.⁴⁶ Barnaskólar og/eða formleg barnafræðsla sem var aðskilin frá heimilisuppeldinu komst aftur á móti ekki á fyrir en á síðustu áratugum 19. aldar eða eftir að lútherska skeiðinu í sögu þjóðarinnar lauk. Má hér líklega sjá eitt besta dæmið um það sem hér hefur verið kennt við tafin eða síðbúin lúthersk áhrif. Aðalskýringin á þessum töfum voru hagræns eðlis, eins og vikið er að framar. Strjálbýli, veðurfar og vegalengdir gerðu skólasókn barna sem sé of torveldu.

Afþreying og alþýðumenning

Afþreyingar- eða dægurmenning landsmanna hefur lengst af verið byggð á efni sem miðlað var munnlega en einnig í rituðu máli: bóksögum þar á meðal Íslendingasögum, þjóðsögum og kveðskap af ýmsu tagi. Ríkt samhengi var til staðar frá miðöldum fram á 19. og jafnvel 20. öld þegar um sögur var að ræða þrátt fyrir að blæbrigða hafi gætt í efnisvali og vinsældum. Helsta

⁴⁴ Lög um fræðslu barna nr. 40/1929, 15. júní, *Stjórnartíðindi* A, 1926, bls. 103. Loftur Guttormsson, „Annar hluti: Sundurleit skólaskipan 1907–1945“, *Skólalald í bæ og sveit 1880–1945*, Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007 I, ritstj. Loftur Guttormsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008, bls. 75–159, hér bls. 102–105.

⁴⁵ Loftur Guttormsson, „Fræðsluhéðin: kirkjuleg heimafræðsla“, *Skólalald í bæ og sveit 1880–1945*, Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007 I, ritstj. Loftur Guttormsson, Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands, Háskólaútgáfan, 2008, bls. 21–35, hér bls. 21.

⁴⁶ Einar Laxness, *Íslandssaga a–b*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1995, bls. 60. Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld: Tilraun til félagslegrar og lýðfræðilegrar greiningar*, Ritsafn Sagnfræðistofnunar 10, ritstj. Jón Guðnason, Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1983, bls. 65, 80.

breytingin hefur væntanlega verið sú að heilagramannasögur hafa horfið í kjölfar siðaskipta að svo miklu leyti sem þær höfðu verið sagðar eða lesnar á heimilum. Í staðinn kom fjölbreyttara sagnaefni af erlendum uppruna uns skáldsagnaritun ruddi sér að nýju til rúms hér á 19. öld.⁴⁷ Mat kirkjunnar manna á sagnaefninu var mismunandi. Á 18. öld gætti t.d. viðleitni til að vinna gegn „hjátrúarsögum“.⁴⁸ Er þar væntanlega átt við þjóðsögur af ýmsu tagi þó vera kunni að enn hafi eitthvað eimt eftir af kaþólsku efni. Ekki má þó ofmeta árangurinn af baráttunni gegn þessum alþýðlegum sögnum sem oft gegndu mikilvægu afþreyingarhlutverki.⁴⁹

Á sviði kveðskapar gætti einnig mikillar samfellu. Líklegt er að rímur hafi verið lang fyrirferðarmestar á sviði afþreyingarkveðskapar en þær komu fram á 14. öld og héldu vinsældum langt fram á þá 20. Þær voru snar þáttur í kvöldvökunni sem hélst allt þar til tóskapur missti gildi sitt sem höfuðgjaldmiðill heimilanna. Eftir það voru rímur kveðnar á ýmsum öðrum vettvangi eins og einnig hafði raunar verið fyrir þann tíma. Má ætla að siðaskiptin hafi lítil áhrif haft á vinsældir rímnanna þótt yrkisefni hafi breyst í aldanna rás.⁵⁰ Þess hefur verið getið til að rímur hafi löngum fremur verið kveðnar af körlum en konum öfugt við sumar aðrar greinar afþreyingarkveðskapar.⁵¹ Ekki er að sjá að siðaskiptin hafi haft nokkur áhrif á efni, form eða hlutverk rímnanna.⁵²

Auk rímna áttu þulur miklu gengi að fagna. Þær eiga sér ævagamlan uppruna og héldu velli fram á 20. öld en þá sem kvæði nafngreindra höfunda. Þulurnar höfðu oft að geyma efni fyrir börn bæði til skemmtunar og uppeldis. Þær tengdust auk þess bænaversum af ýmsu tagi.⁵³

Sagnadansar sem oft eru einnig nefndir fornkvæði hafa væntanlega í upphafi oftast verið kveðnir í dansi. Litlar heimildir eru þó til um slík tengsl

⁴⁷ Vésteinn Ólason, „Bóksögur“, *Íslensk þjóðmenning* VI, ritstj. Frosti F. Jóhannsson, Reykjavík: Þjóðsaga, 1989, bls. 161–227, hér bls. 217–218, 227.

⁴⁸ Jón Hnefill Aðalsteinnsson, „Þjóðsögur og sagnir“, *Íslensk þjóðmenning* VI, ritstj. Frosti F. Jóhannsson, Reykjavík: Þjóðsaga, 1989, bls. 228–290, hér bls. 287–290.

⁴⁹ Hjalti Hugason, „Kristnir trúarhættir“, bls. 291–292. Árni Björnsson, „Hvað merkir þjóðtrú?“, *Skírnið* 170: vor/1996, bls. 79–104.

⁵⁰ Davíð Erlingsson, „Rímur“, *Íslensk þjóðmenning* VI, ritstj. Frosti F. Jóhannsson, Reykjavík: Þjóðsaga, 1989, bls. 330–355.

⁵¹ Vésteinn Ólason, „Sagnadansar“, *Íslensk þjóðmenning* VI, ritstj. Frosti F. Jóhannsson, Reykjavík: Þjóðsaga, 1989, bls. 372–389, hér bls. 386.

⁵² Vésteinn Ólason, „Kveðskapur frá síðmiðöldum“, bls. 377.

⁵³ Ögmundur Helgason, „Þulur“, *Íslensk þjóðmenning* VI, ritstj. Frosti F. Jóhannsson, Reykjavík: Þjóðsaga, 1989, bls. 401–409.

hér. Kvæði þessi eru flest af erlendum uppruna og hafa borist hingað beggja vegna siðaskipta. Tekið var að skrá sagnadansa um daga fornmenntastefnunnar á 17. öld en áhugi fyrir þeim virðist hafa tekið að fjara út um miðja 19. öld. Eftir efni má flokka danskvæðin í kvæði um kapp og helga menn, riddara og frúr og loks gamankvæði. Líkur hafa verið leiddar að því að fornkvæðin hafi einkum varðveist meðal kvenna sem kveðið hafi þau við innverk utan kvöldvöku.⁵⁴

Vikivakvæði bárust eins og sagnadansarnir erlendis frá og tengdust samnefndum dansi en heimildir um hann hafa varðveist frá síðari hluta 16. aldar. Efni þeirra snerist oft um ást og sýt og var oft á gamansömum nótum. Kvæðin voru upphaflega kveðin hér við dansleika og gleðir sem lögðust af á 18. öld. Kvæðin sjálf hafa þó lifað áfram fram á 19. öld er þau viku fyrir nýjungum í söngmennt og kveðskap.⁵⁵ Vikivakvæðskapur eflidist frekar en hitt við siðaskipti.⁵⁶ Guðbrandur Þorláksson stóð framarlega í flokki þeirra sem móta vildu alþýðumenninguna að hinni nýju trúartúlkun. Hann beitti sér m.a. fyrir því að kveðnar væru rímur út af kristilegu efni sem og trúarleg kvæði undir dansháttum. Er ýmislegt þess kyns að finna í *Vísnaþók* hans frá 1612.⁵⁷ Sú viðleitni rann þó út í sandinn eftir hans dag.⁵⁸ Honum auðnaðist því ekki að marka nein veruleg tímamót í afþreyingarmeningunni.

Hér eins og annars staðar tengdust gleðir eða dansleikar kaþólsku helgi-haldi og þá ekki síst vökunóttum (lat. *vigilia*) í tengslum við ýmsa dýrlinga-daga og stórhátíðir kirkjuársins. Þessi tengsl ollu því að dansleikarnir voru litnir hornauga af siðbótarmönnum þar sem þeir þóttu viðhalda ýmiss konar miðalda-kaþólskum trúarháttum eftir að guðfræðilegum grunni þeirra hafði verið hafnað. Þá er ljóst að gleðirnar voru einnig litnar hornauga vegna ósið-legs athæfis sem einkum kirkjunnar mönnum þótti haft þar í frammi bæði til orðs og æðis auk þess sem þær þóttu tefja fólk frá heiðarlegri vinnu. Allt olli þetta því að þegar á 16. öld var tekið að amast við þessum skemmtunum alþýðu og ber að líta á þá viðleitni sem lið í hinni langvarandi menningarmótun sem hér er nefnd siðbreyting. Harðast var þó gengið fram um miðja 18.

⁵⁴ Vésteinn Ólason, „Sagnadansar“, bls. 372–389.

⁵⁵ Vésteinn Ólason, „Vikivakvæði“, *Íslensk þjóðmenning* VI, ritstj. Frosti F. Jóhannsson, Reykjavík: Þjóðsaga, 1989, bls. 390–400.

⁵⁶ Vésteinn Ólason, „Kveðskapur frá síðmiðöldum“, bls. 378.

⁵⁷ *Vísnaþók Guðbrands*, Jón Torfason og Kristján Eiríksson sáu um útgáfuna, inngangur og skýringar eftir Jón Torfason, Kristján Eiríksson og Einar Sigurbjörnsson, Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2000, bls. vii–li, hér bls. xli. Böðvar Guðmundsson, „Nýir siðir og nýir lærdómar“, bls. 411–412.

⁵⁸ Sama rit, bls. 436.

öld og þá í anda píetismans. Á þeim tíma tókst að brjóta dansana á bak aftur þannig að hér á landi fóru sjálf danssporin og annað atferli við þjóðdansa forgörðum öfugt við það sem gerðist t.d. í Færeyjum. Aðstæður til að efna til dansleika og annarrar gleði voru þó nokkuð aðrar hér á landi en erlendis þar sem þéttbýli var meira og loftslag hliðhollara til skemmtanahalds utandyra. Harðnandi árferði, sóttarfar, fámenni, minnkuð húsakynni og fleiri óhagstæðar ytri aðstæður á 18. öld geta því hafa vegið þungt í þessu sambandi.⁵⁹ Að svo miklu leyti sem mögulegt er að finna kirkjulega áhrifavalda í þessu sambandi er tvímælalaust fremur um píetismann en siðbótina að ræða. Hér virðist því í hæsta lagi mögulegt að ræða um afleidd siðbótaráhrif.

Samfélagsleg áhrif siðbótarinnar

Víða erlendis höfðu siðbótarhreyfingar 16. aldar margháttuð samfélagsáhrif í bráð og lengd. Má t.a.m. benda á að í klassísku riti, *Die protestantische Ethik und der Geist des Kapitalismus*, setti félagsfræðingurinn Max Weber (1864–1920) fram þá kenningu að upphaf kapítalisma síðari alda mætti rekja til siðbótarinnar og þá einkum hinnar reformertu eða kalvínsku greinar hennar.⁶⁰ Í þessum kafla eins og annars staðar í greininni verður þó látið við það sitja að velta vöngum yfir áhrifum siðbótarinnar hér á landi. En öfugt við þá breytingaþróun sem víða var uppi á árnýöld einkenndist íslenska samfélagið fremur af kyrrstöðu.

Í þessum kafla verður sérstaklega látið reyna á þá túlkun sem hér framar var lýst sem kirkjulegri andstæðu Aldasöngs-syndrómsins og felst í að þau fyrirbæri sem hvað jákvæðust eru talin í nútímavæðingunni — vestræn lýðræðissamfélög og þá ekki síst norrænu velferðarsamfélögin — eigi rætur að rekja til áhrifa Lúthers og siðbótarinnar. En þau einkennast af menntun, jafnræði og þátttöku borgaranna. Fyrst verður vikið að tengslum ríkis og kirkju, þá þeirri samfélagsgerð sem hér var við lýði í kjölfar siðbreytingar, áhrifum siðbótarinnar á stöðu kvenna sem og löggjöf á sviði hjúskapar- og kynferðismála. Í lok kaflans verður svo vikið að áhrifum siðbótarinnar á sviði

⁵⁹ Jón Samsonarson, „Íslenzkir dansleikir: Inngangur“, *Kvæði og dansleikir*, Jón Samsonarson gaf út, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1964, bls. ix–cclii, hér bls. ccxxxviii–ccxxxix. Árni Björnsson, „Lúther og lífsgleðin“, *Lúther og íslenskt þjóðlíf: Erindi flutt á ráðstefnu um Marteín Lúther, er baldin var 4. nóvember 1983 í tilefni þess að 500 ár voru liðin frá fæðingu hans*, ritstj. Gunnar Kristjánsson o.a., Reykjavík: Skálholt, Hið íslenska Lúthersfélag, 1989, bls. 153–171.

⁶⁰ Max Weber, *The Protestant Ethic and the Spirit of Capitalism*, ensk þýð. Talcot Parsons, London: Unwin University Books, 1970.

velferðar. Bent skal á að það sem framar segir um alþýðufræðslu og breytingar þær sem urðu á félagsstöðu presta tengist einnig efni þessa kafla (sjá fyrri grein).

Ríki og kirkja

Sjálfur hafði Lúther margs konar afskipti af samfélagsmálum og sum rita hans koma jafnvel inn á alþjóðastjórnsmál eins og sjá má í *Til hins kristna aðals þýskrar þjóðar* (1520).⁶¹ Þar fjallaði hann mjög um rétt páfa til gjaldtöku af þýskum þegnum og afskipta af þýskum málefnum sem hann vildi setja þröngar skorður.⁶² Þar og oftár þegar Lúther tjáði sig um samfélagsmál var útgangspunkturinn þó kirkjulegur og þá yfirleitt siðbótarmálefnið sjálft, þ.e. hvernig mætti koma fram umbótum í kirkjunni. Í ávarpinu til aðalsins kallaði hann fursta og aðalsmenn til ábyrgðar í því efni þar sem leiðtogar páfakirkjunnar höfðu látið undir höfuð leggjast að bregðast jákvætt við gagnrýni hans.⁶³

Grunnafstaða Lúthers í samfélagsmálum var þó að halda bæri aðskildum valdsviðum hinna veraldlegu valdhafa — keisara, konunga, aðals og borgar ráða — og hinu andlega valdsviði kirkjunnar. Bæði veraldlegum og kirkjulegum valdhöfum bar svo að styðja hina en hvorugir máttu fara út fyrir hlutverk sitt.⁶⁴ Veraldlegir valdhafar áttu að standa vörð um frið og réttlátt samfélag sem og að vinna að velferð þegnanna á grundvelli veraldlegra laga. Embættismenn kirkjunnar áttu aftur á móti að boða lögmál og fagnaðarerindi trúarinnar fólki til sáluhjálpar auk þess að hafa um hönd sakramenti skírnar og kvöldmáltíðar.⁶⁵ Þetta er hin svokallaða tveggja ríkja kenning sem leiða má út af fjölmörgum ritum Lúthers án þess að hann hafi nokkurs staðar sett hana fram sjálfur á samstæðilegan hátt. Hún er heldur ekki frá honum komin en á rætur að rekja allt til Ágústínusar kirkjuföður (d. 430) og var almennt viðtekin í einhverri mynd á miðöldum.⁶⁶ Útfærsla Lúthers á kenningunni var þó sérstæð þar sem hún fól ekki í sér þá róttæku tvíhyggju sem fylgdi henni á miðöldum heldur voru bæði valdsviðin fullgildir en þó sjálf-

⁶¹ Marteinn Lúther, *Til hins kristna aðals þýskrar þjóðar: Um siðbót þeirrar kristilegu stéttar árið 1520*, ísl. þýðing eftir Vilborgu Auði Ísleifsdóttur sem einnig ritaði inngang, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2012.

⁶² Sama rit, bls. 75–109, 134, 154.

⁶³ Sama rit, bls. 45, 53, 64–66, 93–94, 95, 96, 98, 100, 134–135, 154–155, 184–185.

⁶⁴ Gunnar Kristjánsson, „Marteinn Lúther: Maður orðsins“, bls. 28.

⁶⁵ Carl Henrik Martling, *Svenskt kyrkolexikon: En kortfattad teologisk uppslagsbok*, Skellefteå: Artos, 2005, bls. 276.

⁶⁶ Gunnar Kristjánsson, „Marteinn Lúther: Maður orðsins“, bls. 28.

stæðir hlutar af góðri sköpun Guðs.⁶⁷ Á miðöldum var svo löngum deilt um valdmörk hins andlega og veraldlega m.a. á grundvelli gregoríanisma.⁶⁸

Lúther hafði vissulega mikil áhrif á hvernig tengsl ríkis og kirkju þróuðust eftir hans daga með því að kalla hið veraldlega vald til að axla ábyrgð á siðbótarmálefningu og til að vernda og styrkja kirkjuna í margháttuðum vanda hennar. Sjálfur leit hann svo á að þar væri um kristilega skyldu yfirvaldanna að ræða sem væri sérlega brýn þegar kirkjuleg yfirvöld höfðu daufheyrst við siðbótarkröfunum. Eigi að síður jók sú þróun sem hófst í kjölfarið vald fursta á sviði kirkjumála til langs tíma þótt Lúther hafi hugsað inngríp þeirra sem tímabundna ráðstöfun á grundvelli upp komins undantekningar-eða neyðarástands.

Páll Stígsson (Poul Stigsen Hvide) sem var höfuðsmaður og þar með æðsti fulltrúi konungs hér á landi 1560–1566 er gott dæmi um veraldlegan valdsmann sem brást vel við þessu ákalli. Sýnt hefur verið fram á að hann taldi sér skylt að láta flestar hliðar siðbótarmálsins hér til sín taka. Þar með hefur hann einnig aukið vald konungs yfir kirkjumálunum líkt og á öðrum sviðum þótt það hafi ekki verið yfirlýst markmið hans með kirkjulegu aðgerðunum.⁶⁹ Aukin tengsl kirkju og ríkis voru þó ekki bundin við lúthersku siðbótina heldur má greina svipaða þróun m.a. í kaþólskum löndum.⁷⁰ Þau ber því öðrum þræði að skoða sem hluta af þróun hins miðstýrða ríkisvalds.⁷¹ Afleiðing hennar á sviði kirkjumálanna var að fram kom ríkiskirkja og jafnvel ríkisátrúnaður þar sem kirkja og ríki eru algerlega samfléttuð. Sýnir það að tveggja ríkja kenningin sem margir telja að hafi valdið miklum umbótum

⁶⁷ Björn Björnsson, „Um hjúskaparmál í lútherskum sið“, *Lúther og íslenskt þjóðlíf: Erindi flutt á ráðstefnu um Marteín Lúther, er baldin var 4. nóvember 1983 í tilefni þess að 500 ár voru liðin frá fæðingu hans*, ritstj. Gunnar Kristjánsson o.a., Reykjavík: Skálholt, Hið íslenska Lúthersfélag, 1989, bls. 141–152, hér bls. 142.

⁶⁸ Gregoríanismi er kirkjupólitísk stefna kennd við Gregorius VII. páfa (1073–1085) en hann beitti sér fyrir sjálfstæði kirkjunnar og siðbótum innan hennar. Hann tókst m.a. á við veraldlega valdhafa um veitingarrétt kirkjulegra embætta svo af hlutust langvarandi deilur, tignarskrýðingardeilurnar (e. *investiture controversy*). Per Ingesman, „Middelalderen“, *Kirkens historie 1*, Kaupmannahöfn: Hans Reitzels Forlag, 2012, bls. 309–779, hér bls. 400–409. Staðamál voru íslensk útgáfa þessara deilna en þau fjölluðu um hver hefði veitingarvald á kirkjulénum (lat. *beneficium*).

⁶⁹ Hjalti Hugason, „Skyldur lúthersks yfirvalds: Páll Stígsson og siðbótin á Íslandi“, *Ábrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason o.a., Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag, 2017, bls. 19–41. Sjá Axel Kristinsson, *Hnignun, hvaða hnignun?*, bls. 94.

⁷⁰ Sven Göransson, *Från påvens gudsstat till religionsfriheten*, Torben Christiansen og Sven Göransson, *Kyrkohistoria 2*, Stokkhólmi: Svenska Bokförlaget, 1969, bls. 67.

⁷¹ Sjá Axel Kristinsson, *Hnignun, hvaða hnignun?*, bls. 94–95, 157–9, 169–171.

í kjölfar siðbótar hafði í raun ákaflega takmörkuð áhrif.⁷² Aðskilnaður valdsviðanna tveggja í framkvæmd eins og við þekkjum hann í dag ber því fremur að rekja til sekulariseringar og sundurgreiningar í samfélaginu á öldunum eftir upplýsinguna.

Þriggja stétta samfélagið

Finna má margt í kenningum Lúthers sem rímar við hugmyndafræði lýðræðis, jöfnuðar og samfélagsþátttöku. Má í því sambandi nefna hugmyndir hans um almennan prestdóm sem vikið var að í fyrri greininni. Í því efni ber að hafa í huga að á árnýöld færðist einstaklingsvitund í vöxt. Lúther mótaðist óhjákvæmilega af þeirri þróun eins og kom m.a. fram í því að hann lagði áherslu á að einstaklingurinn breytti í anda eigin samvisku og axlaði trúarlega ábyrgð frammi fyrir Guði.⁷³ Á árnýöld jókst einnig félagslegt svigrúm einkum þar sem borgar- og þéttbýlisstéttir ruddu sér til rúms. Hafði það sín áhrif á hugarheim siðbótarmanna.

Hvað sem hugmyndum Lúthers leið hófst markviss þróun lýðræðislegs jafnræðis- og þátttökusamfélags þó almennt ekki í kjölfar siðaskipta.⁷⁴ Þvert á móti festist í sessi stéttskipt, miðstýrt þjóðríki bæði í kaþólskum og lútherskum löndum sem náði hæst í einvaldsríkjum 17. og 18. aldar. Hér er þó litið svo á að siðbótin og þróun einvaldsríkis séu samtímalegir og tengdir atburðir fremur en að beint orsakasamband sé milli þeirra. Samt má benda á að ólíklegt er að siðbótin hefði festst í sessi og náð eins mikilli útbreiðslu og raun varð á án þróunar ríkisvaldsins. Hér á landi fylgdi pólitísk þróun þeirri framvindu sem almennt var uppi í Evrópu. Ísland tengdist Danaveldi sífellt nánari böndum ekki síst með erfðahyllingunni 1662 og breytingum á stjórnkerfinu með tilkomu amtanna (1683) í stað lénskerfis áður en sú breyting náði að fullu fram að ganga er stiftamtmaður tók að sitja innanlands 1770.⁷⁵ Danska ríkið var vissulega ekki þjóðríki en þeim mun dæmigerðara einveldi og sagði það til sín hérlendis eins og annars staðar í alríkinu. Frá sjónarhóli hins óbreytta Íslendinga var þarna um fjarlæga atburðarás að ræða sem ekki var mögulegt að hafa áhrif á fremur en náttúrulögmálin. Helstu höfðingjar landsins voru þó örlítið meiri gerendur í þessu efni með því að freista

⁷² Sjá þó Karl Sigurbjörnsson, *Lúther*, bls. 86.

⁷³ Þetta kom glöggst fram í yfirlýsingu Lúthers á ríkisþinginu í Worms 1521. Gunnar Kristjánsson, *Marteinn Lúther: Svipmyndir úr siðbótarsögu*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014, bls. 116–127.

⁷⁴ Upphaf þróunar í þessa átt má vissulega finna í borgum sem lutu stjórn eigin borgarráða og þá fremur í hinum reformerta hluta álfunnar en þeim lútherska.

⁷⁵ Sjá Einar Laxness, *Íslands saga a–b*, bls. 37–39, 113–115.

þess að standa vörð um hefðbundin landsréttindi Íslendinga en þau tryggðu hagsmunum þeirra sjálfra betur en efling konungvaldsins. Á Íslandi reyndi þó meira á aðra þætti samfélagsþróunarinnar þar sem fremur má greina áhrif frá Lúther og siðbótinni. Er þar átt við hugmyndafræðina um samfélag hinna þriggja valdsstétta, presta, yfirvalda og húsbænda.

Samfélagshugmyndir Lúthers má m.a. lesa út úr *Fræðunum minni* sem lágu til grundvallar trúarlegri alþýðufræðslu um aldir, fyrst ein og sér en síðar sem fyrirmynd annarra uppfræðslu- og fermingarkvera. Strax í formála þeirra skilgreindi Lúther hlutverk hverrar valdsstéttar um sig m.t.t. uppfræðslunnar. Prestar báru þar mesta ábyrgð en þeir áttu að leiða fræðsluna og var það mikilvægasta hlutverk þeirra.⁷⁶ Húsbændur, þ.e. foreldrar sem einnig báru þó ábyrgð á hjúum ef því var að skipta, áttu þó að annast viðamikla þætti fræðslunnar hver á sínu heimili. Auk þess áttu þeir að hirta þá sem þverskölluðust við að taka fræðslu með því að synja þeim um mat og drykk. Loks áttu veraldlegu yfirvöldin að taka við þar sem húsbóndavaldinu sleppti og vísa hinum þverúðugu úr landi.⁷⁷ Lúther hefur því litið á trúfræðsluna sem veigamikinn hluta af samfélagsskipaninni en hún var aftur á móti hluti af sköpunarreglu Guðs.

Í svokölluð „Hússpjaldi“ aftast í *Fræðunum* er síðan að finna valda ritningarstaði „[...] fyrir hvers kyns heilaga skipan og stétt, svo að sérhver maður við eigin lestur minnst sjálfur á skyldur embættis síns og þjónustuverka“.⁷⁸ Þar voru biskupar minntir á þær kristilegu dyggðir sem þeim bar að sýna. Veraldlegir valdsmenn voru minntir á að skylda þeirra við Guð fælist í að refska þeim sem illt fremdu og halda uppi reglu í samfélaginu. Eiginmönnum var bent á að þeim bæri að sýna konum sínum nærgætni en eiginkonum að þær ættu að vera mönnum sínum eftirlátar. Hjón er stóðu fyrir eigin heimili voru jafnframt húsbændur og tilheyrðu hér á landi almennt bændastétt. Sem foreldrar áttu þau að aga börn sín en varast að reita þau til reiði og svipuðu máli gegndi varðandi hjúin. Hverjum og einum bar svo að vera yfirboðuðum valdsstéttum hlýðinn. Ríkust var sú krafa þegar börn eða þjónar, þernur, daglaunamenn og verkafólk átti í hlut.⁷⁹ Hér á landi átti sú upptalning við hjúin

⁷⁶ Marteinn Lúther, „Fræðin minni“, *Marteinn Lúther: Úrvalrita 2*, aðalþýðandi Gunnar Kristjánsson sem jafnframt bjó ritin til útgáfu, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir o.a., Reykjavík: Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar, Skálholtsútgáfan, 2018, bls. 277–301, hér bls. 280–284.

⁷⁷ Sama rit, bls. 281, 282–283, 287–298.

⁷⁸ Sama rit, bls. 298.

⁷⁹ Sama rit, bls. 298–301. Sjá og „Fræði Lúthers minni“ í Einar Sigurbjörnsson, *Kirkjan játar*, 2. útgáfa aukin og endurbætt, Reykjavík: Útgáfan Skálholt, 1991, bls.

eða vinnufólkið sem ekki var sjálfs sín ráðandi heldur taldist til ungdómsins sem fremur var þjóðfélags- en aldurshópur.⁸⁰ Húsbændum eða bændastéttinni var vissulega falið sérstakt samfélagshlutverk sem fólst í framleiðslu lífsnauðsynja. Hlutverk þeirra var þó líka leitt af skyldum presta og yfirvalda eins og fram er komið. Líkt og heimilisguðræknin var framhald kirkjuguðrækninnar var heimilisuppeldi og húsagi áframhald af þeirri samfélagsreglu sem yfirvöldunum bar að halda uppi og kirkju- eða safnaðaraganum og trúfræðslunni sem prestarnir báru ábyrgð á. Þetta kom hvað best fram á helsta áhrifaskeiði píetismans hér um miðbik 18. aldar en þá voru settar margar tilskipanir sem lutu að húsaga, uppfræðslu í kristnum fræðum og fermingu að lútherskum hætti en hún hafði verið aflögð með siðbótinni.⁸¹ Ungdómnum var á hinn bóginn ekki ætlað annað hlutverk en að sýna undirgefni, trúmennsku og iðni.

Af því sem hér hefur verið sagt verður að álykta sem svo að beint samband sé milli siðbótarinnar og viðgangs þriggja stétta samfélagsins hér á öldunum eftir siðaskipti þótt þessi samfélagsskipan væri ekki bundin við hinn lútherska heim. Nýútkomin bók Vilhelms Vilhelmssonar, *Sjálfstétt fólk: Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld*, varpar svo ágætu ljósi á hve langt er frá að þessi samfélagsskipan eigi nokkuð skylt við samfélag þátttöku og jöfnuðar.⁸²

Samfélagshugsun valdsstéttana þriggja hélt velli allt þar til mannréttindi og einstaklingsfrelsi tóku að ryðja sér til rúms en það gerðist ekki hér á landi fyrr en í lok 19. aldar. Af þeim sökum verður ekki séð að samfélag lýðræðis

253–282, hér bls. 258–262, 279–282. Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, Kristni á Íslandi III, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 180–183. Athaganir sem gerðar hafa verið á þeirri guðfræði sem fram kemur í íslenskum hjónabandsrituðlum, hjónavígsluræðum og postillum hafa leitt í ljós að fram um aldamótin 1900 rúmaðist hjúskaparguðfræðin sem þar kemur fram innan þeirrar samfélagssýnar sem fram kom í „Hússpjaldi“ *Fræðanna minni*. Nokkurra blæbrigða gætti þó varðandi innbyrðis afstöðu hjónanna þar sem mismikið var gert úr húsbóndavaldi karlsins og samspili hjónanna lýst á mismunandi vegu. Undir lokin gætti jafnvel aukinnar áherslu á húsbóndavaldið. Nína Leósdóttir, „Um „þá heilögu hjónabandsstétt“ í fimm íslenskum húspostillum frá 1718 til 1901“, *Kvennabarátta og kristin trú*, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir o.a., Reykjavík: JPV útgáfa, 2009, bls. 61–86. Erla Hulda Halldórsdóttir, „Sem einn maður: Orðræða um hjónaband á nítjándu öld“, *Kvennabarátta og kristin trú*, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir o.a., Reykjavík: JPV útgáfa, 2009, bls. 87–106.

⁸⁰ Loftur Guttormsson, *Bernska, ungdómur og uppeldi á einveldisöld*, bls. 63–67. Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstétt fólk: Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld*, Reykjavík: Sögufélag, 2017, bls. 83.

⁸¹ Loftur Guttormsson, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, bls. 309–319.

⁸² Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstétt fólk*.

og jöfnuðar standi í neinum augljósum tengslum við siðbótina eða að þróun þess verði rakin til Lúthers sérstaklega, öfugt við það sem gengið er út frá samkvæmt kirkjulega viðhorfinu sem svo hefur verið nefnt hér.⁸³

Breytti siðbótin stöðu kvenna?

Jöfnuður í samfélagi er af ýmsu tagi: jöfnuður milli einstaklinga, jöfnuður milli stétta og jöfnuður milli kynja. Í samfélagi valdsstéttanna þriggja ríkti ekki jöfnuður á tveimur fyrrnefndu sviðunum. Ljóst er líka að jöfnuður ríkti ekki milli kynjanna í samfélagi fyrri tíma. Þó er áhugavert að kanna hvaða áhrif siðbót Lúthers kann að hafa haft á stöðu kvenna. En oft hefur verið litið svo á að hún hafi fremur versnað með siðaskiptum m.a. vegna þess að þá lögðust klaustur af og möguleikum kvenna á fullgildum samfélagsglutverkum utan hjónabands fækkaði þar með.⁸⁴

Bent hefur verið á að kynjarannsóknir og þá ekki síst á Norðurlöndum hafi einkennst af svokallaðri trúarblindu sem hafi ekki síst falist í að ekki hafi verið tekið nægilegt tillit til kenningar Lúthers um köllun kvenna og samfélagslegt hlutverk þeirra.⁸⁵ Upp á siðkastið hefur einnig verið bent á að margar konur voru virkar í siðbótarhreyfingunni í upphafi ekki síst þær sem stóðu leiðtogunum næst. Aftur á móti dró stórum úr áhrifum kvenna þegar hin upphaflega siðbótarhreyfing þróaðist yfir í lútherska kirkjustofnun. Þá er ljóst að hugmyndir Lúthers um kyngervi og hlutverk kynjanna voru á hefðbundnum nótum. Hann opnaði þeim t.a.m. ekki leið að prestshlutverkinu þótt skilningur hans á því hafi verið á mun praktískari nótum en verið hafði.⁸⁶ Í heild má líklega slá því föstu að breytingarnar sem siðbótinni voru samfara hafi ýmist haft jákvæð eða neikvæð áhrif á félagsstöðu kvenna eftir því um hvaða þætti er að ræða hverju sinni.

⁸³ Sjá Karl Sigurbjörnsson, *Lúther*, bls. 86.

⁸⁴ Margrét Eggertsdóttir, „Í blíðum faðmi brúðgumans“: Hlutur kvenna í trúarlegum kveðskap á sautjándu og átjándu öld“, *Konur og kristsmenn: Þettir úr kristnisögu Íslands*, ritstj. Inga Huld Hákonardóttir, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1996, bls. 165–189, hér bls. 167–168.

⁸⁵ Arnfríður Guðmundsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir, „Inngangur“, *Kvennabarátta og kristin trú*, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir o.a., Reykjavík: JPV útgáfa, 2009, bls. 9–14, hér bls. 10.

⁸⁶ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Lúther og konurnar: Um áhrif siðbótar Marteins Lúthers á líf kvenna“, *Kvennabarátta og kristin trú*, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir o.a., Reykjavík: JPV útgáfa, 2009, bls. 15–60, hér bls. 15–44. Þórunn Sigurðardóttir, „Dyggðafull kona er ein eðla gáfa“: Menningarleg mótun kyngervis á 17. öld“, *Áhrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason o.a., Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017, bls. 337–366, hér bls. 338–341.

Torvelt er að meta áhrif Lúthers á stöðu íslenskra kvenna sérstaklega. Þó er ljóst að strax og lúthersk kristni var tekin að móta menningu og hugarfar landsmanna urðu hér til ýmiss konar textar sem ætlað var að móta hugmyndir fólks um kynferði, kynhlutverk og sjálfsmýnd í anda siðbótarguðfræðinnar. Því hefur snemma gætt viðleitni til að móta aðstæður hér eftir hugmyndum Lúthers og samherja hans. Má í þessu sambandi nefna dyggðaspegla, heilræða- og siðakvæði, auk tækifæriskvæða m.a. erfiljóða. Sumt af þessu efni var frumsamið en annað byggt á erlendum ritum sem snúið var í ljóðform. Vissulega hafa textar af þessu tagi verið bundir við ákveðinn þjóðfélagshóp úr efri lögum samfélagsins en hafa þó ugglaut gegnt mikilvægu hlutverki við að festa lútherskar samfélagshugmyndir í sessi.⁸⁷

Margt í kenningum Lúthers var til þess fallið að breyta stöðu kvenna. Ber þar ekki síst að nefna köllunarguðfræði hans en í henni fólst afneitan á að lífsform klerka og klausturfólks væri æðra eða göfugra en annarra. Hlutverk þeirra sem stunduðu veraldleg störf öðluðust jafnframt aukið gildi væru þau rækt af trúmennsku. Þetta hafði svo ýmsar praktískar afleiðingar. Klausturlíf lagðist af í lúthersku kirkjunni, margt klausturfólk og prestar gekk í hjónaband og nýr þjóðfélagshópur, lúthersku prestskonurnar, maddömurnar, kom fram. Gegndu margar prestskonur mikilvægu hlutverki í heimabyggð sem húsfreyjur á heimili sem vera átti til fyrirmyndar á öllum sviðum auk þess sem þær gegndu oft umönnunar- og fræðsluhlutverkum langt umfram aðrar húsmæður.⁸⁸

Við lokun klaustranna lagðist af möguleiki kvenna til viðurkennds lífsforms án hjónabands, barneigna og uppeldis. Hér á landi stóð hann þó ekki til boða nema örfáum konum af hverri kynslóð og þá einkum þeim sem efnameiri voru. Hér störfuðu aðeins tvö nunnuklaustur. Torvelt er að áætla fjölda nunna í þeim en um siðaskipti eða 1542 er vitað um 7 nunnur í Kirkjubæ. Með klaustrunum hurfu líka tvær helstu virðingarstöðurnar sem stóðu konum opnar en abbadísir fóru m.a. með yfirstjórn klaustureignanna þó með aðstoð ráðsmanna. Vald þeirra var vissulega takmarkaðra en ábóta. Samt sem áður má jafna stöðu þeirra við höfðingja.⁸⁹ Einhverjar konur sem

⁸⁷ Þórunn Sigurðardóttir, „Dyggðafull kona er ein eðla gáfa“, bls. 337–366.

⁸⁸ Guðrún Ása Grímsdóttir, „Um íslensku prestskonuna á fyrri öldum“, *Konur og kristsmenn: Þættir úr kristnisögu Íslands*, ritstj. Inga Huld Hákonardóttir, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1996, bls. 215–247, hér bls. 227–246.

⁸⁹ Gunnar F. Guðmundsson, *Íslenskt samfélag og Rómakirkja*, Kristni á Íslandi II, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 212. Inga Huld Hákonardóttir, „Í nunnuklaustri — Kirkjubær og Reynistaður“, *Íslenskt samfélag og Rómakirkja*, Kristni á Íslandi II, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 225–229. Vilborg

vígðust þó ekki undir reglu gætu líka hafa hlotið verðug hlutverk við klaustur og ekki talist til rétttra og slétttra hjúa. Loks má ætla að klaustrin hafi þjónað nokkru hlutverki sem athvarf fyrir þær konur sem hvað verst voru settar í samfélaginu hvað sem efnahag þeirra áhræði en áttu eftir lokun klaustranna í enn færri hús að vanda.⁹⁰ Endalok klaustranna hafði þó vart nokkur áhrif á stöðu alls þorra kvenna.⁹¹

Eftir að klaustrin höfðu verið lögð niður má ætla að formlegum tækifærum kvenna til æðri mennta hafi fækkað þótt sá kostur hafi aldrei staðið til boða nema fáum konum af hverri kynslóð. Þó er vitað um sjö konur á 17. öld sem kunnu og kenndu latínu.⁹² Þá er og vitað um konur sem töluðu ensku og þýsku. Eftir siðaskiptin voru biskupsfrúr og dætur biskupa aðstar íslenskra kvenna. Er hinna lærðu kvenna m.a. að leita í þeirra hópi. Athyglisvert er þó að flestar komu þær samt úr umhverfi óbreyttra presta. Hlutur þessara kvenna réðst þó eins og löngum af tengslum þeirra við karla, eiginnmenn sína og feður. Halldóra Guðbrandsdóttir (1574–1568) er sérstæður fulltrúi þessa hóps. Hún er þó frekar þekkt fyrir veraldleg umsvif sín en menntun. Hún fór með forræði Hólastóls síðustu árin sem faðir hennar lifði og þar til eftirmaður hans tók við og við hana er kirkja sú kennd sem reist var eftir að Hóladómkirkja fauk meðan Guðbrandur lá í kór sinni.⁹³ Að þessu leyti hefur staða hennar verið áþekkt stöðu abbadísanna á klausturtímanum.

Af því sem hér er sagt má ráða að menntunarmöguleikar kvenna á bóklega sviðinu þurfa ekki að hafa breyst róttækt við siðaskipti.⁹⁴ Á hinn bóginn

Auður Ísleifsdóttir, „Hugleiðingar um menntun kvenna í kaþólskum og lútherskum sið“, *Glíman* sérrit 1, 2010, bls. 169–181, hér bls. 171–172, 180. Vilborg Auður Ísleifsdóttir, „Hefðarfrúr og almúgakonur á 16. öld“, *Kvennaslóðir: Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*, ritstj. Anna Agnarsdóttir o.a., Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 2001, bls. 260–272, hér bls. 267–269.

⁹⁰ Biskupsstólarnir virðast hafa gegnt svipuðu hlutverki. Vilborg Auður Ísleifsdóttir, „Hefðarfrúr og almúgakonur“, bls. 268–270.

⁹¹ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Lúther og konurnar“, bls. 16–17.

⁹² Sigurður Pétursson, „Voru til lærðar konur, feminae doctae, á Íslandi?“, *Skírnir* 175: vor/2001, bls. 67–82, hér bls. 73–79.

⁹³ Inga Huld Hákonardóttir, „Biskupsfrúr: staða og hlutverk“, *Frá siðaskiptum til upplýsingar*, Kristni á Íslandi III, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 131–132. Vilborg Auður Ísleifsdóttir, „Hugleiðingar um menntun kvenna“, bls. 178–179. Sigurður Pétursson, „Voru til lærðar konur“, bls. 73–79. Hugsanlega gegndi Helga Sigurðardóttir, fylgikona Jóns Arasonar, svipuðu hlutverki meðan á vígsluferð hans stóð. Vilborg Auður Ísleifsdóttir, „Hefðarfrúr og almúgakonur“, bls. 262.

⁹⁴ Sjá þó Vilborg Auður Ísleifsdóttir, „Hugleiðingar um menntun kvenna í kaþólskum og lútherskum sið“, *Menntun og menning í Skálholtsstifti 1620–1730*, ritstj. Kristinn Ólason, Skálholti: Grettisakademían, 2010, bls. 169–181, hér bls. 180–181.

hefur markaður fyrir kirkjulegan listiðnað væntanlega dregist saman og tækifærum kvenna á því sviði fækkað þótt ekki hafi hann horfið og hannyrðir kvenna tekið að gegna öðru hlutverki.⁹⁵ Með versnandi árferði og efnahag á öldunum eftir siðaskipti má svo ætla að menntun kvenna bæði á bóklega og verklega sviðinu hafi hrakað. Þar var þó ekki um siðbótaráhrif að ræða.

Á síðustu tveimur áratugum 19. aldar eða eftir lok þess tímabils sem hér er nefnt hið lútherska skeið hófst svo kvennabarátta hér á landi. Leiðir þessarar nýju kvennahreyfingar og lúthersku kirkjunnar sköruðust með ýmsu móti og þá ekki síst á þann hátt að sömu einstaklingar voru virkir á báðum stöðum. Nokkrir prestar studdu t.a.m. kvennabaráttuna. Ýmsar nýjar trúarhreyfingar lögðu einnig sitt af mörkum til kvennabaráttunnar.⁹⁶ Tæpast er þó mögulegt að líta á kvennahreyfinguna um 1900 sem áhrif siðbótarinnar eða Lúthers þótt einhver rök eða hugmyndir kunni að hafa verið sóttar til hans.

Hjúskapar- og kynferðismál

Hjúskaparmálin eru mikilvægt svið í samfélagslegum efnum þar sem þau lúta í senn að kynlífssiðfræði en eru líka grundvöllur heimilisins en það var mikilvæg samfélagsstofnun í bændasamfélagi fyrri tíma. Gegndi það lykilhlutverki á sviði uppeldis, alþýðufræðslu og félagslegs taumhalds auk þess að vera framleiðslueining.

Lúther boðaði miklar breytingar á hjúskaparmálum þar sem hann hafnaði því að hjónavígslan væri sakramenti en leit á hjónabandið sem veraldlega

⁹⁵ Elsa E. Guðjónsson, „Með silfurbjarta nál: Um kirkjuleg útsaumsverk íslenskra kvenna í kaþólskum og lútherskum sið“, *Konur og kristmenn: Þættir úr kristnisögu Íslands*, ritstj. Inga Huld Hákonardóttir, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1996, bls. 119–162. Ekki má líta svo á að listskreytingar í kirkjum hafi horfið með öllu. Í stað listvefnaðar og myndlistar af ýmsu tagi kom nú frekar útskorin skreytilist. Má í því sambandi benda á barokkverk Guðmundar Guðmundssonar (1618–um 1700) í Bjarnastaðahlíð sem var menntaður erlendis og starfaði m.a. fyrir báða biskupsstólana. Þóra Kristjánsdóttir, *Mynd á þili: Íslenskir myndlistarmenn á 16., 17. og 18. öld*, Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, JPV útgáfa, 2005, bls. 56–65.

⁹⁶ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Sr. Ólafur Ólafsson frikirkjuprestur og kvenréttindabaráttan um aldamótin 1900: Aðdragandi laga um rétt kvenna til embættisnáms, styrkja og embætta“, *Ábrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason o.a., Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017, bls. 395–418. Kristín Ástgeirsdóttir, „„Haf þinn Guð í stafni“: Kristileg orðræða og andóf í skrifum og ljóðum kvenréttindakvenna“, *Ábrif Lúthers: Siðaskipti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason o.a., Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017, bls. 419–442. Sjá og ýmsar greinar í greinasafninu *Kvennabaráttan og kristin trú*, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir o.a., Reykjavík: JPV útgáfa, 2009.

stofnun og vildi takmarka völd kirkjunnar yfir því.⁹⁷ Má raunar líta svo á að sú skipan hafi verið komin hér á fyrir siðaskipti. En fyrir á tíð höfðu festar þar sem brúðgumi fastnaði sér heitkonu sína haft úrslitaáhrif við að koma á löglegum hjúskap jafnvel áður en brúðkaup hafði verið gert.⁹⁸ Hér á landi breyttu hjúskaparartíklar Friðriks II. frá 1587 engu í þessu efni þvert ofan í það sem að var stefnt. Samkvæmt þeim átti trúlofun að koma í stað festanna. Trúlofunin skapaði á hinn bóginn ekki nægilegar forsendur til sambúðar heldur skyldu koma til lýsingar af predikunarstóli auk hjónavígslu. Trúlofað fólk mátti því ekki taka upp sambúð eða samlíf. Hjúskapargreinar Friðriks konungs voru því ekki í samræmi við kenningar Lúthers um veraldlegt eðli hjónabandsins.⁹⁹ Hér héldu festarnar fyrri stöðu allt fram undir miðja 18. öld þegar hjúskapartilskipun í anda píetismans öðlaðist gildi. Niðurstaða Björns Björnssonar siðfræðiprófessors sem mest rannsakaði þessi mál var enda að áhrifa Lúthers hafi sáralítið gætt á sviði hjúskaparmálanna.¹⁰⁰

Setning Stóradóms markaði stórt skref í þá átt að kynferðismál yrðu algerlega veraldlegur málaflokkur. Tildrög hans voru að lögmenn landsins, Eggert Hannesson (1515?–1583) og Páll Vigfússon (d. 1570), bentu konungi á að ekki væru til nein lög á Íslandi er kvæðu á um refsingar við hór-dómi, sífjaspellum og öðrum brotum á sviði kynferðismála eftir að kristinréttur miðalda féll úr gildi og fóru þess á leit við hann að hann kvæði á um viðurlög í kynferðisbrotamálum. Fól hann biskupunum, Gísla Jónssyni (1515–1587) og Ólafi Hjaltasyni (1491?–1569) að taka saman tillögur eða frumvarp er kvæði á um refsingar við blóðskömm, hór-dómi og lauslæti. Þeir færðust undan og töldu réttara að prófessorum við Hafnarháskóla yrði falið verkefnið. Var sú leið farin en bar ekki árangur. Leiddi alþingi málið loks til lykta og hlaut ákvörðun þess staðfestingu konungs 1565.¹⁰¹

Með Stóradómi var bætt við einum nýjum brotaflokki sem kristinréttur miðalda hafði ekki kveðið á um, þ.e. barneignum fyrir hjónaband. Þá voru refsingar við öðrum brotum þyngdar og tekin upp dauðarefsing fyrir alvarlegustu brotin. Sektir runnu til veraldlegra aðila, konungs og sýslumanna, en ekki til kirkjunnar eins og verið hafði. Stórt skref var þar með stigið í

⁹⁷ Björn Björnsson, „Um hjúskaparmál í lútherskum sið“, bls. 142–144.

⁹⁸ Sama rit, bls. 145.

⁹⁹ Sama rit, bls. 144–148.

¹⁰⁰ Sama rit, bls. 151.

¹⁰¹ Sama rit, bls. 150–151. Davíð Þór Björgvinsson, „Stóridómur“, *Lúther og íslenskt þjóðlíf: Erindi flutt á ráðstefnu um Marteim Lúther, er haldin var 4. nóvember 1983 í tilefni þess að 500 ár voru liðin frá feðingu hans*, ritstj. Gunnar Kristjánsson o.a., Reykjavík: Skálholt, Hið íslenska Lúthersfélag, 1989, bls. 119–140, hér bls. 120–121.

að flytja forræði í siðferðismálum frá kirkjunni til hins veraldlega valds.¹⁰² Nokkurn tíma tók að koma réttarframkvæmd í það horf sem Stóridómur kvað á um. Gera má ráð fyrir að festa hafi verið komin á í því efni um aldamótin 1600.¹⁰³ Þess má þó geta að þrátt fyrir kenningar Lúthers og þá stefnu sem Stóridómur markaði börðust biskuparnir Guðbrandur Þorláksson og Oddur Einarsson (1559–1630) fyrir því að prestar kæmu áfram að dómum í hjúskaparmálum eins og verið hafði fyrir siðaskipti.¹⁰⁴ Sýnir það aðra hlið á fyrrgreindri ályktun Björns Björnssonar.

Breytingarnar sem fólust í Stóradómi voru í takt við þróun mála meðal annarra þjóða álfunnar og í samræmi við þróun hins miðstýrða konungsríkis.¹⁰⁵ Hann er því eitt af þeim atriðum þar sem álitamál er hvort hinna samtímalegu og tengdu fyrirbæra vó þyngra — siðbótin eða þróun hins miðstýrða ríkis á árnýöld. Einnig er óljóst hvort hugmyndafræðin sem bjó að baki Stóradóms eigi rætur að rekja til siðbótarinnar eða þar sé um mun almennari viðhorf að ræða. Á þessum tíma ruddu þau sjónarmið sér sem sé til rúms að trúarleg sjónarmið skæru úr um hvað væri refsivert og skiptu boðorðin tíu þar mestu máli. Það var svo álitid hlutverk veraldlegra yfirvalda að ákveða hvað væri hæfileg refsing fyrir hvert brot. Þá álitu margir að yfirvöldunum bæri beinlínis skylda til að veita misindisfólki réttláta refsingu og að þeim væri óheimilt að sjá í gegnum fingur við það fyrir brot á lögmáli Guðs. Samræmdist þetta vissulega hugmyndum Lúthers. Refsilög Karls V. Þýskalandskeisara (1519–1556), eins höfuðandstæðings Lúthers, byggðu þó einnig á slíkum hugmyndum. En 1532 setti hann refsilöggjöfina *Constitutio Criminalis Carolina* sem áhrif hafði víða um lönd m.a. í danska ríkinu.¹⁰⁶

Velferðarmál

Tengsl siðbótarinnar og velferðarsamfélaga nútímans eru mikilvægur þáttur í því kirkjulega mati á áhrifum siðbótarinnar sem hér er víða tekin viðspyrna í. Um það efni segir Karl Sigurbjörnsson m.a. svo:

Velferðarsamfélagið sem við þekkjum á Norðurlöndum á rætur að rekja til Lúthers. Það er skilgreint afkvæmi hinnar lúthersku sið-

¹⁰² Sama rit, bls. 122–123.

¹⁰³ Sama rit, bls. 131–133.

¹⁰⁴ Björn Björnsson, „Um hjúskaparmál í lútherskum sið“, bls. 149–151.

¹⁰⁵ Davíð Þór Björgvinsson, „Stóridómur“, bls. 123, 124–128.

¹⁰⁶ Sama rit, bls. 128–131. Dæmi um áhrif Aldasöngs-syndrómsins á sviði harðnandi löggjafar og refsinga má t.d. sjá hjá Steinunni Kristjánsdóttur fornleifafræðingi. Sjá „Fátækir fórnarlömbin í aftökusögu Íslendinga“, *Fréttablaðið* 25. júlí 2018, bls. 2.

bótar þar sem krafan er um samfélagslega ábyrgð og skyldur hins opinbera við þau sem efnahagslega og félagslega eru á útjöðrum samfélagsins.¹⁰⁷

Þetta er vissulega ekki í fyrsta skipti sem íslenskir guðfræðingar og kirkjumenn reifa viðhorf af þessu tagi þótt líklega hafi það ekki verið gert eins afdráttarlaust áður.¹⁰⁸

Upp á síðkastið hafa staðið líflegar umræður um breytingar á sviði velferðar hér á landi á siðaskiptatímanum. Sérstaklega hefur Vilborg Auður Ísleifsdóttir sagnfræðingur reifað ákveðna hrun-kenningu í því efni en hún hefur lagt drjúgan skerf til siðaskiptarannsóknna með doktorsritgerð sinni og riti sínu *Siðbreytingin á Íslandi 1537–1565: Byltingin að ofan*.¹⁰⁹ Vilborg gengur út frá að miðaldakirkjan og þá ekki síst klaustrin hafi gegnt viðtæku hlutverki á sviði fátækramála. Með því er aðallega átt við málefni barna, gamalmenna, sjúklinga og annarra sem ekki gátu framfleytt sér sjálfir. Nú á dögum má því líta á þennan málaflokk sem hliðstæðu velferðarmála, þ.e. félags- og heilbrigðismála. Á miðöldum var aftur á móti að verulegu leyti litið svo á að hann væri hluti af kærleiksþjónustu (*díakoníu*) kirkjunnar.¹¹⁰

Sjálf reiknar Vilborg Auður með að fátækramálin og tengdir málaflokkar hafi lent í miklu uppnámi við siðaskiptin. Kemst hún m.a. svo að orði að fjölmargir dómar um málefni förumanna frá því eftir siðaskipti bendi til „[...] aukinnar fátæktar og vandræða, sem af henni stafaði, [...]“.¹¹¹ Virðist ýmsum

¹⁰⁷ Karl Sigurbjörnsson, *Lúther*, bls. 86.

¹⁰⁸ Sjá Heimir Steinsson, „Samfélagsáhrif siðbótarinnar“, *Lúther og íslenskt þjóðlíf: Erindi flutt á ráðstefnu um Marteinn Lúther, er baldin var 4. nóvember 1983 í tilefni þess að 500 ár voru liðin frá fæðingu hans*, ritstj. Gunnar Kristjánsson o.a., Reykjavík: Skálholt, Hið íslenska Lúthersfélag, 1989, bls. 103–117, hér bls. 114–116. Gunnar Kristjánsson, *Marteinn Lúther: Svipmyndir úr siðbótarsögu*, bls. 401–402. Í þeim hjálpargögnum sem G.K. tilgreinir eru áhrif í þessu efni fremur rakin til píetismans. Sama rit, bls. 439–440 (aftanmálsg. 10). Í þessari grein er litið á slík áhrif sem afleidd siðbótaráhrif.

¹⁰⁹ Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Siðbreytingin á Íslandi 1537–1565: Byltingin að ofan*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997. Síðari endursk. útgáfa: *Byltingin að ofan: Stjórnskipunarsaga 16. aldar*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2013. Sjá og sama, „Nokkrar umþenkingar um kirkjuordinansíu Kristjáns III.“, bls. 541–544. Sjá Loftur Guttormsson og Helgi Skúli Kjartansson, „Siðaskiptin og fátækraframsæsla: Athugasemdir í tilefni af nýlegum útlekkingum“, *Saga* LII: 1/2014, bls. 119–143, hér bls. 142–143.

¹¹⁰ Vilborg Auður Ísleifsdóttir, „Öreigar og umrenningar: Um fátækraframsæslu á síðmiðöldum og hrun hennar“, *Saga* XLI: 2/2003, bls. 91–126, hér bls. 91–92.

¹¹¹ Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Ný heimsmynd: Siðbreyting, siðaskipti, siðbót*, Reykjavík:

sem hér sé langt seilst þegar svo virðist sem litið sé á aukna fátækt sem beina afleiðingu af siðaskiptunum.¹¹² Nærtækara virðist að aukin fátækt á öldunum eftir siðaskipti eigi sér aðrar skýringar en trúarpólítíska þróun. Ber þar einkum að nefna harðnandi árferði, eldgos og aðrar náttúruhamfarir, pestarfar, og aðrar tilfallandi ytri aðstæður. Enda virðist Vilborg Auður slá úr og í varðandi þetta atriði.¹¹³ Í hnotskurn virðist afstaða hennar koma fram í eftirfarandi tilvitnun:

Siðbreytingin lagði hefðbundið skipulag og fjárhagsgrundvöll kirkjulegrar fátækraframsælsu í rúst. Öll umönnun fátækra og sjúkra lagðist nú á bændaheimilin. Þau höfðu ekki annað fé til að bregðast við þessum vanda en fátækraframsælsu hreppsins, sem jafnan var skorin við nögl. Þetta var mikil breyting frá því á miðöldum, þegar ákveðinn hluti klaustur- og biskupstekna rann til þessara málaflokka. Má nærri geta, hversu heimilin í landinu hafa verið vanmegnug til að valda því hlutverki, [...].¹¹⁴

Vilborg Auður byggir þessa túlkun á að kirkjuskipan Kristjáns III. gerði ekki ráð fyrir að kirkjan hefði neina aðkomu að fátækramálum í líkingu við það sem verið hafði. Telur hún að þau hafi þar með verið gerð að veraldlegu mál-efni og að þau fyrirmæli sem í kirkjuskipaninni var þó að finna um fátækramál miði við þéttbýlissamfélög og hafi þau því átt illa við hér.¹¹⁵ Þá álitur hún að hér hafi þau alfarið lent í höndum hreppanna eftir gildistöku kirkjuskipanarinnar en þeir höfðu verið virkir á þessu sviði allt frá því fyrir kristnitöku.¹¹⁶

Nýja bókafélagið, 2000, bls. 33. Hér gæti aukin reglufesta og refsigleði einnig valdið miklu um fjölgun þjófnaðarmála. Þar getur efling miðstýrðs ríkisvalds sagt til sín ekkert síður en siðbótaráhrif.

¹¹² Sjá Loftur Guttormsson og Helgi Skúli Kjartansson, „Siðaskiptin og fátækraframsælsu“, bls. 120–121.

¹¹³ Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Byltingin að ofan*, bls. 303–304.

¹¹⁴ Sama rit, bls. 305. Sjá og Vilborg Auður Ísleifsdóttir, „Öreigar og umrenningar“, bls. 122–123.

¹¹⁵ Sama rit, bls. 121–123. Í kirkjuskipaninni er þó gert ráð fyrir að fátækir nytu sömu tekjustofna eða „rentu“ og áður hafði sérstaklega verið til þeirra lögð auk gjafa frá almenningi. Þá áttu að starfa spítalar í kaupstöðum. Loks er þar kveðið á um hlutverk djákna í þessu samandi. „Den danske kirkeordinans, 1539 („Den rett ordinants“), *Kirkeordinansen 1537/1539: Tekstudgæve med indledning og noter ved Martin Schwarz Lausten*, Kaupmannahöfn: Akademisk forlag, 1989, bls. 150–244, hér bls. 216–218.

¹¹⁶ Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Ný heimsmynd*, bls. 33–34. Vilborg Auður Ísleifsdóttir, „Öreigar og umrenningar“, bls. 119–120. Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Byltingin að ofan*, bls. 299.

Auk þessara stofnunarlegu ástæðna fyrir minnkandi umsvifum kirkjunnar á vettvangi fátækramálanna, þ.e. lokun klaustranna og fátæklegum fyrirmælum kirkjuskipunar Kristjáns III., gerir Vilborg ráð fyrir að siðbótin hafi haft þau hugarfarssögulegu áhrif að afstaða fólks til ölmusugæða hafi breyst er góðverk eða guðþakkarverk voru ekki lengur talin sáluhjálpleg samkvæmt opinberri kirkjukenningu.¹¹⁷ Ekki má þó ofneta þann þátt. Góð verk, þar á meðal miskunnsemi og örlæti við nauðstadda, voru á engan hátt afskrifuð með siðbótarguðfræðinni þrátt fyrir að Lúther hafnaði því að fólk réttlætist af þeim frammi fyrir Guði. Í riti sínu *Frelsi kristins manns* lýsti Lúther t.d. hugmyndum sínum um gildi kærleiksverka og taldi þau mikilsverð í mannlegu félagi.¹¹⁸ Þá gerast hugarfarslegar breytingar á borð við þá sem hér um ræðir almennt hægt. Til dæmis um það má nefna að eftir siðaskipti lifði svokallaður heitdagur í upphafi einmánaðar lengi góðu lífi á Norðurlandi en í tengslum við hann fóru fram söfnunaráttök til fátækra.¹¹⁹ Þá eru dæmi um að kristbú væru stofnuð eftir siðaskipti en það voru jarðir sem gefnar voru til að standa straum af samfélagsverkefnum, oftast fátækraframselsu og voru kristbú með fyrstu kirkjulegu sjálfseignarstofnunum sem hér komust á.¹²⁰ Þórður Þorláksson (1637–1697) Skálholtsbiskup arfleiddi þannig að sögn Jóns Espólín Hóladómkirkju að jörðinni Vallholti í Hólmi með sex kúgildum með þeim skilmálum „[...] at fátækar ekkjur ok börn födurlaus njóti af, [...]“.¹²¹ Þórður líknaði fátækum einnig á annan máta.¹²² Sýnir það að málefni þeirra höfðu enn til manna. Á þetta bendir Vilborg Auður raunar sjálf.¹²³

Lokun klaustranna hefur líkast til dregið úr afkastagetu þess kerfis sem kirkjan hafði byggt upp umhverfis fátækraframselsu og aðra líknarþjón-

¹¹⁷ Sama rit, bls. 298. Loftur Guttormsson og Helgi Skúli Kjartansson, „Siðaskiptin og fátækraframselsla“, bls. 128–129.

¹¹⁸ Marteinn Lúther, „Um frelsi kristins manns“, *Marteinn Lúther: Úrval rita I*, aðalþýðandi Gunnar Kristjánsson sem jafnframt bjó ritin til útgáfu, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir o.a., Reykjavík: Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar, Skálholtsútgáfan, 2017, bls. 173–197, hér bls. 187–197.

¹¹⁹ Árni Björnsson, *Saga daganna*, Reykjavík: Mál og menning, 1993, bls. 600–602.

¹²⁰ Hjalti Hugason, *Frumkristni og upphaf kirkju*, Kristni á Íslandi I, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 197, 211, 327, 346–347, 350.

¹²¹ Jón Espólín, *Íslands Árbækur í söguformi VIII*, Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1829, bls. 28.

¹²² Sama rit, bls. 29.

¹²³ Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Byltingin að ofan*, bls. 302–303. Loftur Guttormsson og Helgi Skúli Kjartansson, „Siðaskiptin og fátækraframselsla“, bls. 131–132.

ustu á miðöldum. Mest hefur hugsanlega munað um þetta þegar sjúkir og ekki síst langveikir áttu í hlut. Þó eru til heimildir um að í Viðey hafi verið stunduð fátækraframselsla eftir að klaustureignirnar féllu undir konung og svo virðist líka hafa verið um önnur klaustur.¹²⁴

Kenning Vilborgar Auðar Ísleifsdóttur hefur verið gagnrýnd upp á síðkastið og því haldið fram að í stað þess hruns sem hún gerir ráð fyrir í fátækraframselslunni hafi miklu fremur gætt samfellu og jafnvel meiri samfellu hér á landi en víða erlendis vegna þess hve ríkar skyldur innlend löggiöf lagði á veraldlega aðila á þessu sviði.¹²⁵ En af samfélagsins hálfu var hlutverkum á sviði framselslunnar skipt milli ættmenna, hreppsins og almennings sem ætlað var að ala þurfamenn á vergangi. Á vettvangi kirkjunnar komu ýmsar stofnanir að fátækramálunum auk klaustranna: biskupsstólar, klaustur, sælu- eða kristbú og einstakir kirkjustaðir einkum kirkjulén.¹²⁶ Það er sérstakt rannsóknarefni hvort skerfur annarra kirkjustofnana en klaustra rýrnaði við siðaskiptin þó kirkjuskipanin kvæði ekki á um framlag þeirra.¹²⁷ Hér ber einkum að líta til biskupsstólanna og ríkari prestssetra (kirkjuléna). Af gagnrýninni á hrun-kenningu Vilborgar Auðar Ísleifsdóttur verður á hinn bóginn ekki ályktað að áhrifin hafi verið gagnstæð, þ.e. að siðaskiptin hafi haft jákvæð áhrif í þessu efni eða stuðlað að aukinni velferð til skamms eða langs tíma.¹²⁸

Örlítið átak var gert á sviði velferðarmála hér um miðbik 17. aldar er stofnaðir voru fjórir spítalar sem voru hæli fyrir illa haldna förumenn og þá einkum holdsveikisjúklinga enda var gert ráð fyrir slíkum stofnunum í kirkjuskipan Kristjáns III. Konungur reyndist fús til að leggja til þeirra eignir og gjaldstofna. Reksturinn varð aftur á móti erfiður bæði vegna veiks framkvæmdavalds og embættisstjórnar í landinu og andstöðu landsmanna við nýjar álögur. Spítalarnir voru því vanburðugar og fámennar stofnanir og hafa tæpast breytt miklu fyrir stöðu hinna verst settu.¹²⁹ Athyglisvert er

¹²⁴ Sama rit, bls. 138. Guðmundur J. Guðmundsson, „Jtem fatige folck ... j vett smor“: Nokkur álitamál varðandi fátækraframselslu eftir siðaskipti“, *Saga LV: 2/2017*, bls. 177–186.

¹²⁵ Loftur Guttormsson og Helgi Skúli Kjartansson, „Siðaskiptin og fátækraframselsla“, bls. 142–143.

¹²⁶ Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Byltingin að ofan*, bls. 103–108. Vilborg Auður Ísleifsdóttir, „Öreigar og umrenningar“, bls. 91–117, 121–122.

¹²⁷ Vilborg Auður Ísleifsdóttir, *Byltingin að ofan*, bls. 300, 304. Loftur Guttormsson og Helgi Skúli Kjartansson, „Siðaskiptin og fátækraframselsla“, bls. 121, 138–142.

¹²⁸ Sjá þó Guðmundur J. Guðmundsson, „Jtem fatige folck“, bls. 185–186.

¹²⁹ „Den danske kirkeordinans, 1539“, bls. 216–218. Helgi Þorláksson, „Undir einveldi“,

aftur á móti að píetisminn virðist heldur ekki hafa breytt miklu í þessu efni á áhrifaskeiði sínu á 18. öld en víða erlendis efldi hann mjög athafnasemi kirkjunnar á sviði velferðar. Hér voru vissulega stofnaðir tveir barnaskólar í anda hans, í Vestmannaeyjum og að Hausastöðum á Álftanesi. Í fyrrnefnda tilvikinu skipti máli að eyjarnar heyrðu beint undir konung. Í síðara tilvikinu var um einangrað einstaklingsframtak Jóns Þorkelssonar (1697–1759) fyrrum skólameistara í Skálholti og fylgdarmanns L. Harboes að ræða en Jón fylgdi píetismanum að málum.¹³⁰

Langtímaáhrif lútherskrar kirkju á mótun nútíma velferðarkerfis og þá einkum í hinni sérstöku norrænu mynd er svo sérstakt viðfangsefni. Það lýtur þó aðeins óbeint að lútherskum siðbótaráhrifum þar sem þróun þess í þröngum skilningi hófst hér ekki fyrir en eftir lok hins lútherska tímabils (þ.e. eftir 1874). Þá er hugmyndafræðin sem norræna velferðarkerfið byggir á í grundvallaratriðum önnur en sú sem réð ferðinni á sviði fátækramálefna fyrir á öldum. Fátækraframsæsla á vegum hreppanna miðaði lengi aðallega að því að sem flestir gætu að mestu séð sér og sínum farborða þótt þeir þyrftu nokkurn stuðnings hreppsins til þess. Hlutverk hreppanna var einkum að forða því í lengstu lög að heimili leystust upp, fólk færi á vergang og yrði alfarið byrði á öðrum. Eftir að heimili féllu niður fyrir þau fátækramörk tók við nær ótakmarkað vald hreppstjóra til að leysa upp fjölskyldur og koma hverjum og einum fyrir þar sem best þótti henta. Fyrst og fremst var því um samtryggingarkerfi að ræða sem ætlað var að spara bjargálna hreppsúum útgjöld til fátækra sem mest mátti verða.¹³¹ Kærleiksþjónusta kirkjunnar byggðist aftur á móti á hugmyndinni um kristilegan kærleika sem fól í sér að sá sem var aflögufær ætti að deila þeim gæðum með öðrum. Fyrir siðbót var sú hugsun algeng að með ölmusugæðum öðlaðist fólk velþóknun Guðs og réttlætingu. Siðbótarmenn höfnuðu þeirri hugmynd. Þeir lögðu áherslu á að samfélagsleg ábyrgð fólks sem m.a. kæmi fram í góðgerðum við aðra væri kristileg dyggð og ávöxtur trúarinnar en ekki verk sem mögulegt væri að hafa ávinning af frammi fyrir Guði. Velferðarhugsjón síðari alda byggir hins vegar á þeim skilningi að sérhver einstaklingur eigi rétt á mannsæmandi kjörum og tengist þannig mannréttindasjónarmiðum.

Saga Íslands VII, ritstj. Sigurður Línadal, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélag, 2004, bls. 1–211, hér bls. 96–97, 146–149.

¹³⁰ Einar Laxness, *Íslandssaga a–b*, bls. 61.

¹³¹ Sjá Guðmundur Jónsson, „Hjálp til sjálfshjálpar: Borgaralegar rætur velferðarríkisins á Íslandi“, *Menntaspor: Rit til beiðurs Lofti Guttormssyni sjötugum 5. apríl 2008*, Reykjavík: Sögufélag, 2008, bls. 371–393, hér bls. 374–375.

Þróun nútímalegra velferðarkerfa hófst á 19. öld í kjölfar víðtækra þjóðfélagsbreytinga þar sem iðnbyltingin og aðrar breytingar á sviði atvinnuveganna, þéttbýlismyndun, fólksfölgun og lýðræðisvæðing skiptu miklu máli. Þá hefur löngum verið litið svo á að aukinn viðgangur og áhrif sósíalískrar verkalýðshreyfingar hafi ráðið mestu um upphaf þeirra. Síðar hefur verið bent á að fleiri hagsmunaaðilar, þjóðfélagshópar og pólitísk öfl hafi lagt sitt af mörkum í þessu efni sem og að söguleg þróun til langs tíma hafi átt sinn þátt í mótun og útfærslu velferðarkerfanna.¹³²

Sérstaklega hefur verið bent á að slík langtímaþróun hafi sett sitt mark á norrænu velferðarkerfin. Þeim er ætlað að ná til allra einstaklinga í samfélaginu. Þau eru að verulegu leyti kostuð af skattfé og lúta yfirstjórn ríkisvaldsins þótt framkvæmdin og dagleg stjórn sé að miklu leyti í höndum staðbundinna stjórnvalda t.d. sveitarfélaga en áður gegndu sóknir mörgum hlutverkum sem þau tóku síðar yfir. Þetta greinir norrænu velferðarkerfin frá kerfum sem að mestu byggja á samvinnu afmarkaðra samfélagshópa, eru að mestu kostuð af tryggingafé þeirra og ná því einkum til launþega. Velferðarkerfi af því tagi eru algeng á meginlandi Evrópu m.a. í kaþólskum löndum eða á svæðum þar sem margar kirkjudeildir starfa.¹³³

Sérleiki norrænu velferðarkerfanna hefur verið skýrður svo að þau séu þróuð í gamalgrónum konungsríkjum sem einkennst hafi af mikilli menningarlegri og trúarlegri samstöðu til langs tíma. Þar hafi eining ríkis og kirkju valdið því að verkefni sem áður voru í höndum kirkjunnar gátu færst átakalítið yfir á ríkisvaldið eftir því sem það eflidist. Kirkjan myndaði svo burðarvirkið í innviðum samfélagsins og náði til hvers króks og kima samfélagsins og mögulegt var að fela prestum margháttuð hlutverk sem síðar lögðu grunn að ríkisvelferðinni: skráningu þegnanna og eftirliti með þeim, trúfræðslu og félagsmótun, tilsjón með almenningsfræðslu, bólusetningar og svo mætti lengi telja.¹³⁴ Að þessu leyti má vissulega líta svo á að þróun miðstýrðs konungsríkis og siðbótin á 16. öld hafi saman skapað sögulegar forsendur fyrir þróun hinna sérstöku, norrænu velferðarkerfa á 19. og 20. öld.¹³⁵ Það merkir á hinn bóginn ekki að norrænu velferðarkerfin geti

¹³² Tim Knudsen, „Tilblivelsen af den universalistiske velfærdsstat“, *Den nordiske protestantisme og velfærdsstaten*, ritstj. Tim Knudsen, Århus: Center for europæisk kirkeret og kirkekundskap, Aarhus Universitetsforlag, 2000, bls. 20–64, hér bls. 25–28, 34–36.

¹³³ Sama rit, bls. 20–24, 29–34.

¹³⁴ Sama rit, bls. 42–61.

¹³⁵ Ítrekað skal að hér er litið á siðbótina og þróun miðstýrðs ríkisvalds sem samtímaleg

talist „skilgetin afkvæmi“ lúthersku siðbótarinnar.¹³⁶ Það vekur svo athygli að lútherska kirkjan hér á landi lagði mun minna til velferðarmála en raun var á víðast erlendis, t.a.m. kom engin kærleiksbjónustuhreyfing fram hér á landi á 19. öld.¹³⁷ Þar skipti samfélagsgerðin ugglaut nokkru máli. Aðrar trúhreyfingar en lútherska kirkjan lögðu þó sitt af mörkum í þessu efni. Má þar nefna kaþólskar hreyfingar sem hófu hér sjúkrahúsarekstur.

Ályktanir

Í þessari grein og annarri sem birt var í síðasta hefti *Ritsins* hefur verið dregið á margháttaðan vanda sem við er að glíma þegar grafist skal fyrir um hvað geti talist til áhrifa lúthersku siðbótarinnar hér á landi og hvað ekki. Í greinum hefur verið gengið út frá þeirri viðmiðun að til þess að mögulegt sé að slá því föstu að um slík áhrif sé að ræða þurfi að vera unnt að sýna fram á að sú breyting sem um ræðir hverju sinni hefði ekki orðið án þess að siðbótin hefði þegar átt sér stað. Af þeim sökum er litið svo á að vafi aukist í þessu efni því lengra sem leið frá siðbótinni uns breyting eða nýjung kom fram. Vandinn verður alveg sérstakur ef breytingin sem um er að ræða átti sér ekki stað fyrr en eftir að lútherska tímabilinu lauk með afnámi játningaríkisins en hér áttu þau hvörf sér stað með stjórnarskránni 1874.

Þó hefur verið bent á að áhrif siðbótarinnar geti hafa tafist hér ef ytri hagrænar aðstæður í landinu komu í veg fyrir að stefna siðbótarmanna næði fram að ganga. Þessu máli gegndi t.a.m. um stofnun barnaskóla sem dróst mjög miðað við nálæg lönd þar sem skólar komust víða á þegar á siðaskiptatímanum. Þessi varð raunin einkum vegna þess að skólasókn barna var ógerleg í íslensku strjálbýli. Í slíkum tilvikum er rætt um tafir eða síðbúin siðbótaráhrif. Einnig er hér rætt um afleidd áhrif þegar breytingar urðu ekki með siðbótinni sjálfri heldur t.a.m. píetismanum á 18. öld sem var vissulega nokkurs konar „sjálfstætt framhald“ siðbótarinnar. Líta má á píetismann sem hina beinu orsök ýmissa breytinga sem vilji siðbótarmanna stóð vissulega til en urðu þó ekki hér á landi á sjálfum siðbótartímanum heldur eftir að píetisminn hafði rutt sér til rúms í Danmörku og tekið að hafa áhrif hér m.a. vegna heimsóknar L. Harboes. Slík afleidd áhrif koma fram í ýmsum

og tengd fyrirbæri þótt þeim sé haldið skýrt aðskildum og annað ekki skoðað sem forsenda hins.

¹³⁶ Karl Sigurbjörnsson, *Lúther*, bls. 86.

¹³⁷ Guðmundur Jónsson „Hjálp til sjálfshjálpar“, bls. 371, 374, 378. Benda má á að víða, m.a. í Eyjafirði, voru stofnuð hjúkrunarfélög sókna snemma á 20. öld m.a. vegna berklafaraldursins. Saga þeirra er áhugavert en lítt kannað viðfangsefni.

atriðum sem lutu að mótun, uppeldi, aðhaldi, aga og eftirliti með alþýðu manna. Löngum hefur t.d. verið litið svo á að dansleikar hafi lagst hér af og Íslendingar gleymt danssþorum og öðru atferli sem haft var í frammi við slík tækifæri vegna áhrifa frá siðbótinni. Hér er fremur litið svo á að um afleidd siðbótaráhrif hafi verið að ræða ef þessi breyting á sér á annað borð einhverjar huglægar skýringar en ekki aðeins hagrænar svo sem versnandi veðurfar og minnkandi húsakynni. Sé fyrrgreint skilyrði um beint orsakasamband ekki uppfyllt og ef ekki er mögulegt að líta svo á að um annað tveggja tafir eða afleidd áhrif sé að ræða er ekki mögulegt að mati greinarhöfundar að slá því föstu að einhver tiltekin breyting hafi átt sér stað vegna lútherskra siðbótaráhrifa. Útilokar þetta margt af því sem hingað til hefur verið litið á sem afleiðingar af siðbótinni.

Þá má enn benda á að ýmis atriði sem oft hafa verið talin meðal áhrifa siðbótarinnar, þ.e. guðfræðilegrar endurskoðunar Lúthers og nánustu samverkamanna hans, ber fremur að rekja til siðaskiptanna eða siðbreytingarinnar. Með siðaskiptum er þá átt við þá trúarpólítísku þróun sem leiddi til að fram kom lútherskt játningaríki. Heitið siðbreyting vísar aftur á móti til þeirrar langvarandi menningarmótunar sem leiddi til þess að alþýða manna tók að mótast af þeim hugmyndagrundi sem gengið var út frá við siðaskiptin. Varðandi báða þessa fylgihnetti siðbótarinnar verður að veða inn áhrif sem rekja má til þróunar hins miðstýrða konungsríkis á árnýöld til mótvægis við bein siðbótaráhrif. Án þessarar samtímalegu þróunar ríkisvaldsins er alls óvíst að siðbót Lúthers hefði hlotið eins víðtæk félags- og menningarleg áhrif og raun ber vitni. Líklegra er að hennar hefðu þá beðið ámóta örlög og ýmissa sambærilegra siðbótarhreyfinga á miðöldum sem runnu að mestu út í sandinn án verulegra afleiðinga til lengri tíma litið. Ýmislegt sem hingað til kann að hafa verið tengt siðbótinni getur því allt eins hafa verið hluti af þróun ríkisvaldsins.

Sem dæmi um slíkt atriði má t.a.m. nefna Stóradóm. Veraldlegir valdsmenn áttu drýgstan hlut í setningu hans og vel má vera að fyrirmyndirnar séu fremur sóttar til eins helsta verndara rómversk-kaþólsku kirkjunnar, Karls V. Þýskalandskeisara, en Lúthers. Samræmi og nákvæmni í löggjöf og refsingum þjónuðu enda ekki síður þörfum og markmiðum hins miðstýrða ríkisvalds en lúthersku kirkjunni. Hér verður því litið svo á að Stóridómur hafi fremur komið til vegna eflingar miðstýrða ríkisvaldsins og siðaskiptanna en siðbótarinnar sem slíkrar.

Á ýmsum sviðum skortir fullnægjandi rannsóknir til að mögulegt sé að skera úr um siðbótaráhrif á óyggjandi hátt. Ljóst er að siðbótin skapaði t.d.

forsendur fyrir að ýmsir helgimunir og dýrlingamyndir sem tapað höfðu upphaflegum tilgangi sínum væru fjarlægð úr kirkjum. Þá virðist nokkuð ótvírætt að slík hreinsun hafi í raun átt sér stað í sumum kirkjum a.m.k. þegar um muni úr verðmætum góðmálum var að ræða. Því máli gegnir t.a.m. um klausturkirkjur sem urðu eign konungs við lokun klaustranna. Flest bendir á hinn bóginn til að sama máli hafi ekki gegnt um kirkjur almennt og að miðaldamunir hafi þvert á móti varðveist víða í kirkjum fram á 17. og jafnvel 18. öld en síðan orðið hægfara eyðingu að bráð. Mikil festa ríkti einnig varðandi sjálft grunnform guðsþjónusturýmisins en það greindist í kór og framkirkju með kórþili allt fram á síðari aldir eins og fram kemur í elstu kirkjubyggingum landsins enn í dag. Öll guðfræðilög rök skorti þó fyrir þessu í lútherskum sið.

Margt sem lýtur að breyttri stöðu dýrlinga er líka fremur hluti af hinni hægfara þróun sem hér er nefnd siðbreyting en siðbótinni sem slíkri. Sá hugmyndaheimur sem dýrlingarnir voru hluti af hefur ugglaust staðið föstum fótum meðal alþýðu hér á landi á miðöldum ekki síður en víða erlendis. Það hefur því án efa tekið langan tíma að ryðja þeim úr vegi þótt það tækist er fram liðu stundir. Áhrif þeirrar breytingar komu svo víða fram. Með henni var t.d. raskað því umhverfi sem dansleikar fóru einkum fram í þegar vökunætur í tengslum við hátíðir og dýrlingadaga hurfu. Hefur það ásamt þeim hagrænu ástæðum sem nefndar voru hér framar ýtt undir að dansleikar lögðust smám saman af.

Af því sem hér hefur verið sagt er oft örðugleikum bundið að slá föstu hvenær óyggjandi sé um siðbótaráhrif að ræða og hvenær ekki. Raunar virðist almennt auðveldara að færa rök gegn því að eitthvert tiltekið fyrirbæri sé til komið fyrir áhrif frá siðbótinni en að rökstyðja hið gagnstæða. Augljóst dæmi um siðbótaráhrif er þó að finna í lokun klaustra en fjölmörg atriði í guðfræði Lúthers lögðust á eitt um að kippa trúarlegum grunni undan klausturlífi. Torvelt er því að líta framhjá því að flest sem hangir á þessari spýtu sé í raun áhrif hinnar lúthersku siðbótar. Það er svo álitamál hve víðtæk áhrif lokunarinnar urðu t.d. á sviði velferðarmála.

Í upphafi þessara skrifa var gerð grein fyrir tveimur andstæðum viðhorfum sem fram hafa komið hvað varðar umfang og eðli þeirra áhrifa sem siðbót Lúthers er talin hafa haft hér á landi. Annað þeirra er hér nefnt Aldasöngs-syndrómið og hefur þess gætt í íslenski umræðu til langs tíma. Samkvæmt því er siðbótin talin hafa haft víðtæk og hraðvirk áhrif á fjölmörgum sviðum menningar og samfélags auk trúaráhrifanna. Almennt eru þessi áhrif talin hafa leitt til afmenningarþróunar og á grundvelli viðhorfsins hafa verið

settar fram hrunkeningar af ýmsu tagi. Hér hefur einkum verið vikið að meintu hruni á sviði fátækra- eða velferðarmála enda er sú hrunkening hvað nýjust. Aldasöngs-syndrómið er því yfirgnæfandi neikvætt í garð siðbótarinnar og áhrifa hennar.

Hitt viðhorfið er hér talið vera kirkjulegt hvað eðli og uppruna áhrærir. Þess hefur vissulega gætt um nokkurra áratuga skeið en það varð sérstaklega áberandi í tengslum við nýafstaðið siðbótarafmæli. Samkvæmt því er einnig talið að siðbótin hafi haft víðtæk áhrif ekki síst á samfélagslegu sviði. Fulltrúar þessa viðhorfs gera öfugt við fylgismenn Aldasöngs-syndrómsins ráð fyrir að siðbótaráhrifin hafi verið yfirgnæfandi jákvæð þar sem til siðbótarinnar megi rekja flesta hagfellaða þætti nútímavæðingarinnar. Þegar lengst er gengið er Lúther talinn vera „guðfaðir“ hins vestræna lýðræðissamfélags sem byggir á menntun, jafnræði og þátttöku borgaranna sem og velferðarsamfélagsins ekki síst í hinni sérstöku norrænu mynd þess. Þótt fulltrúar þessa viðhorfs ræði það ekki sérstaklega hljóta þeir að gera ráð fyrir að samfélagsáhrifin séu seint fram komin og að hæggeng langtímaþróun hafi átt sér stað í þessu efni. Þeir hirða aftur á móti ekki um að sýna fram á hin beinu tengsl siðbótarinnar og þeirra samfélagsáhrifa sem þeir eigna henni heldur virðast láta nægja að benda á fremur óljós hugmyndatengsl.

Aldasöngs-syndrómið var fylgifiskur þjóðernislegrar söguritunar og þjónaði hagsmunum sjálfstæðisbaráttunnar. Kirkjulega viðhorfið er aftur á móti til komið eftir að kirkjan hafði misst formleg menningar- og félagsleg hlutverk sín að mestu og í kjölfarið einangrast í samfélaginu. Við þær aðstæður getur það þjónað hagsmunum hennar að halda því fram að hinar nýju aðstæður séu að verulegu leyti til komnar fyrir tilverknað siðbótarinnar þrátt fyrir að kirkjan hafi vissulega galdið þeirra í þverrandi áhrifum. Þá þverstaðu má líka skýra með því að Lúther hafi viljað draga úr „guðveldis-tilburðum“ kirkjunnar og einskorða hana fremur við hið trúarlega svið.

Veikleikar beggja viðhorfanna felast að verulegu leyti í því að þau eru í eðli sínu alhæfingar sem gerðar eru út frá fyrirfram gefnum grundvallarviðhorfum fremur en nákvæmum skilgreiningum og/eða rannsóknarniðurstöðum. Fulltrúar hvorugs sjónarmiðsins gera t.a.m. viðhlítandi grein fyrir hvaða skilyrði þurfi að vera uppfyllt til að mögulegt sé að slá því föstu að breyting og/eða nýjung á einhverju sviði geti raunverulega talist áhrif Lúthers eða siðbótar hans.

Hér skal litið svo á að helstu veikleikar Aldasöngs-syndrómsins felist í að fylgjendur þess einfaldi um of þróun mála á árnýöld. Það kemur fram í að þeir líta aðeins til siðbótarinnar þegar leitað er skýringa á ýmsum breyt-

ingum — gjarna neikvæðum — á öldunum eftir siðaskipti en reikna ekki með margháttuðum afleiðingum þess að einmitt á sama tíma þróuðust hin miðstýrða játningaríki víðs vegar um álfuna, þar á meðal í Danmörku og hér á landi. Breytti þá litlu hvort þau voru reist á lútherskum, reformertum, anglíkónskum eða rómversk-kaþólskum játningagrunni. Þróun miðstýrða játningaríkisins er einmitt líkleg til að hafa valdið ýmsu sem fylgjendur Aldasöngs-syndrómsins eigna lúthersku siðbótinni.

Veikleikar kirkjulega viðhorfsins felast aftur á móti ekki síst í að fylgjendur þess hafa ekki skýrt á fullnægjandi hátt hvernig á því stendur að öldum saman ríkti hér samfélagsskipan valdsstéttanna þriggja, veraldlegra valdsmanna, presta og húsbænda, þar sem jöfnuði, frelsi og þátttökurétti alþýðu í opinberum málum var mjög þröngur stakkur sniðinn. Þá hafa þeir ekki sýnt fram á með hvaða rökum lýðræðisleg velferðarsamfélög geti talist skilgreind afkvæmi lúthersku siðbótarinnar — eins og þeir halda gjarna fram — þrátt fyrir að þau komu ekki til sögunnar fyrr en eftir að hinu lútherska tímabili var í raun lokið með afnámi játningaríkisins. Í því sambandi horfa þeir framhjá stórfelldum samfélagsbreytingum sem erlendis komu m.a. fram í þéttbýlismyndun og iðnbyltingu, sem og margháttuðum hugmyndastraumum á borð við líberalisma og sósíalisma á 19. og 20. öld sem eru mun líklegri en siðbótarguðfræði 16. aldarinnar til að hafa lagt grunninn að samfélagsskipan lýðræðis, jöfnuðar og velferðar. — Það virðist í raun vera vandleyst fræðilegt viðfangsefni á hvern hátt einstakar guðfræðilegar hugmyndir Lúthers, t.a.m. um almennan prestdóm, geti með marktæku móti talist forsenda þess að loks komst á lýðræðisleg samfélagsskipan einkum á 20. öld jafnvel án þess að þessar hugmyndir hefðu haft veruleg áhrif til lýðræðisvæðingar innan lúthersku kirkjunnar sjálfar.

Æskilegt virðist að finna frjótt jafnvægi milli neikvæðrar afstöðu Aldasöngs-syndrómsins og yfirdrifinnar jákvæðni hins kirkjulega viðhorfs. Fær leið til þess virðist að ákvarða með skýrari hætti en gert hefur verið hvaða skilyrðum þurfi að vera fullnægt til að hægt sé að slá því föstu hvenær mögulegt sé að ræða um lúthersk áhrif eða áhrif siðbótarinnar og hvenær ekki. Hér hefur verið gerð tilraun til þess með því að leitast við að greina hvort siðbótin geti talist nauðsynleg forsenda breytinga og/eða nýjunga eða hvort líklegra sé að svo sé ekki. Í tilviki Aldasöngs-syndrómsins er líka mikilvægt að veita inn fleiri breytingar á árnýöld en siðbótina eina þegar grafist skal fyrir um áhrif hennar. Er þar ekki síst átt við þróun hins miðstýrða ríkisvalds eins og þráfaldlega hefur verið klifað á hér. Þá er einnig mikilvægt að gera sér grein fyrir að sitt er hvað siðbót, siðaskipti og siðbreyting. Í tveimur

síðari fyrirbærunum fléttast saman tveir óskyldir þættir: siðbótin sem er trúarleg í eðli sínu og þróun ríkisvaldsins sem er veraldleg. Hér er um tvö samtímaleg og tengd fyrirbæri að ræða sem þó verður að greina skýrt á milli. Allar líkur eru á að siðbótin hefði hvorki leitt til siðaskipta né siðbreytingar hefði hið miðstýrða konungsvald ekki verið í stórsókn. Í tilviki kirkjulega viðhorfsins er á hliðstæðan hátt mikilvægt að taka tillit til ýmissa atriða sem líklegri virðast til að hafa mótað nútímavæðinguna en siðbótin og talin eru upp hér framar.

Hér skal litið svo á að helstu langtímaáhrif lúthersku siðbótarinnar liggja í raun og veru á sviði trúarinnar sjálfrar. Þau koma fram í að Lúther hleypti af stað þróun sem olli einstaklingsvæðingu trúarinnar og aðgreiningu hennar frá ýmsum öðrum þáttum samfélagslífsins. Jók það hæfni hennar til að aðlagast stöðugt breyttum aðstæðum í vestrænum samfélögum. Þannig opnaði hann fyrir nútímavæðingu trúarinnar sjálfrar sem varað hefur allt fram á þennan dag. Lútherska tveggja ríkja kenningin hefur t.a.m. auðveldað ev-angelísk-lútherskum kirkjum til muna að fóta sig í sekulariseruðu samfélagi. Höfnun Lúthers á sérstöðu hinnar vígðu stéttar og hugmyndir hans um almennan prestdóm hafa einnig auðveldað þeim að taka þátt í lýðræðisvæðingu 19. og 20. aldar sem og jafnréttisþróun af ýmsu tagi. Með þessu er ekki sagt að sekularisering, lýðræði og jöfnuður séu til komin fyrir lúthersk áhrif. Þessi aðlögunarhæfni greinir lúthersku kirkjuna frá kirkjudeildum sem ekki hafa gengið í gegnum sams konar guðfræðilega nýsköpun líkt og raun er á með rómversk-kaþólsku kirkjuna og í enn ríkari mæli orþódoxu kirkjuna í Austur-Evrópu. — Svo greinir fólk raunar á um hvort þetta sé styrkleiki eða veikleiki lútherskunnar.

ÚTDRÁTTUR

Áhrif siðbótarinnar á Íslandi Tilraun til jafnvægisstillingar

Síðari grein

Árið 2017 var þess minnst að 500 ár voru liðin frá upphafi lúthersku siðbótarinnar. Í tilefni af því urðu talsverðar umræður um hver áhrif siðbótarinnar hafi verið á kirkju, menningu og samfélag. Í þessari grein og annarri sem birtist í síðasta hefti *Ritsins* er glímt við þessa spurningu og þá miðað við íslenskar aðstæður.

Gengið er út frá að til að mögulegt sé að slá því föstu að breyting hafi orðið eða

nýjung komið til sögunnar vegna lútherskra áhrifa sé nauðsynlegt að hægt sé að sýna fram á að siðbótin sé nauðsynleg forsenda breytingarinnar/nýjungarinnar sem fjallað er um hverju sinni, þ.e. að þróunin hefði ekki orðið án þess að siðbótin hafi átt sér stað. Í þessu sambandi er einkum bent á að ýmsar breytingar sem hingað til hafa verið raktar til siðbótarinnar geti allt eins hafa orðið vegna þróunar hins miðstýrða ríkisvalds á árnýöld. Þá er bent á að vegna fámennis, strjálbýlis og einfaldrar þjóðfélagsgerðar hafi ýmsar breytingar sem urðu á þéttbýlli svæðum ekki náð fram að ganga hér fyrir en löngu eftir siðbót. Í slíkum tilvikum er rætt um tafin eða síðbúin lúthersk áhrif. Þá vill svo til hér á landi að ýmsar breytingar sem vel samræmdust hugarheimi siðbótarmanna náðu þó ekki fram að ganga hér fyrir en á 18. öld og þá vegna píetismans. Í slíkum tilvikum er rætt um afleidd lúthersk áhrif.

Hér er gert upp við tvær túlkunaralhæfingar sem mjög hafa gert vart við sig í hérlendri umræðu um áhrif lúthersku siðbótarinnar. Annað leggur þunga áherslu á víðtækt og róttækt rof á fjölmörgum sviðum á siðbótartímanum og of víðtæka hnignun í kjölfarið sem rekja megi beint til siðbótarinnar en ekki annarra atburða, t.d. þróunar miðstýrðs ríkisvalds. Hitt ætlar siðbótinni á hinn bóginn víðtæk, öflug og bein áhrif á nútímavæðingu bæði í kirkjunni og samfélaginu.

Í þessari grein er einkum grafið fyrir um áhrif siðbótarinnar á sviði menningar og samfélags. Má þar nefna lokun klaustra og margháttaðar afleiðingar þess á sviði velferðarmála sem mikið hafa verið rædd á síðari tímum.

Lokaniðurstaða greinarinnar er að helstu áhrif siðbótarinnar sé að finna á sviði trúarinnar sjálfrar og hafi hún gert lúthersku kirkjunni auðveldar fyrir en „gömlu“ kirkjudeildunum tveimur, rómversk-kaþólsku kirkjunni og þeirri orþódoxu, að mæta nútímavæðingunni.

Lykilorð: Siðbót/siðaskipti/siðbreyting, Lúther, menning, samfélag

ABSTRACT

The Impacts of the Reformation in Iceland An Attempt to balance two Models of Interpretation

Second Article

In 2017 the 500th anniversary of the Lutheran Reformation was celebrated. Then there was a huge discussion about the impact of the Reformation on church, culture and society. In this article and in an another one published in last number of this journal, this question will be raised, especially in Icelandic context.

Here it is assumed that it is only possible to state that a change has occurred or a novelty has arisen because of Lutheran influence if it can be demonstrated that the Reformation is a necessary prerequisite for the change / innovation being discussed. Here it is particularly pointed out that various changes that until now have been traced to the Reformation can have been due to the development of the central-controlled state power. It is also pointed out that, due to the small population, rural areas and simple social structure, various changes that occurred in urban areas did not succeed in Iceland until long after the Reformation. Such cases are interpreted as delayed Lutheran effects. Then, in Iceland, many changes, which were well matched to the core areas of the Reformation, did not work until the 18th century and then because of the pietism. Such cases are interpreted as derivative Lutheran effects.

In Iceland two generalizations have been evident in the debate on the influence of the Lutheran Reformation. The first one emphasizes extensive and radical changes in many areas in the Reformation period and subsequent extensive decline. It is also stated that this regression can be traced directly to the Reformation and not to other phenomena, e.g. the development of modern, centralized state. The other one states that the Reformation was most powerful in the modernization in both the church and society in Iceland.

This article focuses on the influence of the Reformation in the field of culture and society. These include e.g. the closure of monasteries and the consequences of it in the field of welfare, which have been widely discussed in recent times.

The final conclusion of these two articles is that the main influence of the Reformation is found in the field of faith itself, and that the Reformation made it easier for the Lutheran Church than the two traditional denominations, the Roman Catholic Church and that Orthodox one, to meet the modernization in culture and society.

Keywords: Luther, reformation, culture, society, modernization

HJALTI HUGASON

Prófessor í kirkjusögu

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Sæmundargötu 2

IS-101 Reykjavík, Ísland

hhugason@hi.is

